

Kirkjuöld Laodíkeu



William Marrion Branham



Kirkjuöld Laodíkeu

William Marrion Branham .

Op. 3: 14-22. “ Og engli safnaðarins í Laodíkeu skalt þú rita : Þetta segir Hann sem er Amen, Votturinn Trúi og Sanni, upphaf Guðs Sköpunar; Ég þekki verkin þín, að þú ert hvorki kaldur né heitur; betur að þú værir kaldur eða heitur. Því er það: af því að þú ert hálfvolgur, og ert hvorki heitur né kaldur, mun Ég skyrpa þér út af munni Mínum, - af því að þú segir: Ég er ríkur og er orðinn auðugur og þarfnast einskis, - og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér, að þú kaupir af Mér gull, reynt í eldinum, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. Alla þá sem Ég elska, þá tyfta Ég og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun. Sjá, Ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust Mína og lýkur upp dyrunum, þá mun Ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með Mér. Sá er sigrar, hann mun Ég láta sitja hjá Mér í hásæti Mínu, eins og Ég sjálfur sigraði og settist hjá Föður Mínum í hásæti Hans. Hver sem eyra hefur, hann heyrir, hvað Andinn segir söfnuðunum “.

BORGIN LAODÍKEA.

Nafnið Laodíkea sem þýðir “ réttindi þjóðanna “ var mjög algengt og var það gefið nokkrum borgum í heiðursskyni við konungbornar konur er svo hétu. Borgin var ein sú mikilvægasta í Litlu-Asíu frá stjórnmalalegu sjónarmiði og þar var blómstrandi fjármálalíf. Gífurlegar eignir voru ánafnaðar borginni af leiðandi borgurum. Borgin var aðsetur mikils læknaskóla. Íbúar hennar voru framúrskarandi í listum og vísindum. Hún var oft kölluð höfuðborg, því hún var stjórnaraðsetur fyrir tuttugu og fimm aðrar borgir. Hinn heiðni guð sem var tilbeðinn í borginni var Seifur (Zeus) . Staðreyndin er sú að þessi borg var einu sinni kölluð Diopolis (Borg Seifs) til heiðurs guði þeirra. Á fjórðu öld var þýðingarmikið kirkjuþing haldið þar. Tíðir jarðskjálftar urðu til þess að lokum að borgin var endanlega yfirgefin.

En hvað einkenni hins síðasta tíma eru vel viðeigandi þarna til að túlka þá tíma sem við lifum á í dag. Til dæmis tilbáðu þeir einn guð, Seif, sem var foringi og faðir guðanna. Þetta spáir fyrir um tuttugustu öldina, “ einn Guð, faðir okkar allra “ er þar trúarleg

II.

forsenda sem setur fram bræðralag manna, og er jafnvel nú þegar að færa saman mótmælendur, kaþólikka, Gyðinga, Hindúa o.s.frv. með þeim rökum að gagnkvæmt form tilbeiðslu muni auka kærleika okkar, skilning og umhyggju fyrir hvert öðru. Kaþólikkar og mótmælendur eru einmitt nú að berjast fyrir og í raun að skapa undirstöðu að slíku sambandi með þeim augljósa ásetningi að allir hinir muni fylgja á eftir. Einmitt þetta viðhorf kom fram í samtökum Sameinuðu Þjóðanna þegar heimsleiðtogarnir neituðu að viðurkenna nokkurn einstakan skilning á andlegri tilbeiðslu, en mæltu með því að setja til hliðar öll þessi breytilegu form með þeim vonum að öll trúarbragðakerfin gætu á jöfnum forsendum sameinast í eitt kerfi, þar sem allir þráðu sömu markmið, allir hefðu sama tilgang og allir hefðu í raun á réttu að standa. Takið eftir nafninu Laodíkea, “ réttindi þjóðanna “ eða “ réttlæti þjóðanna “. Hefur nokkur tíma verið öld eins og tuttugustu aldar safnaðaröldin, sem hefur séð ALLAR þjóðir rísa upp og krefjast jafnréttis, félagslega og fjárhagslega ? Þetta er öld kommúnistanna, þar sem allir menn eru, eins og nærri má geta, jafnir, þó svo sé aðeins að kenningu til. Þetta er öld stjórnmalaflokka sem kalla sig Kristna Demókrata, og Kristna Sósíalista, Kristna Samveldissambandið o.s.frv.

Samkvæmt hinum frjálslyndu guðfræðingum okkar var Jesús sósíalisti og frumkirkjan undir leiðsögn Andans átti að hafa beitt sér fyrir sósíalisma og því ættum við að gera slíkt hið sama í dag. Þegar fornaldarmenn kölluðu Laodíkeu höfuðborg, var það í framtíðarsýn um þá heimsstjórnun sem við erum nú að setja á fót. Þegar við hugleiðum að þessi borg hafi verið vettvangur mikils kirkjubings, þá sjáum við það yfirskyggt þeirri alkirkjulegu þróun sem er í gangi í dag, þar sem við getum mjög bráðlega séð alla hina “ svokölluðu ” kristnu söfnuði koma saman. Já, kirkjan og ríkið, trúin og stjórnmalin, allt er þetta að koma saman og verða eitt. Hveitið mun senn tilbúið fyrir forðabúrið.

Laodíkea var borg jarðskjálfta, svo mikilla jarðskjálfta, að þeir að lokum lögðu hana í rúst. Þessi öld mun enda með því að Guð mun hrista allan heiminn, sem hefur farið afleiðis til að hafa mök við skækjuna gömlu. Þá munu ekki aðeins heimskerfin hrynja, heldur mun öll jörðin verða hrist og skekin og síðan endurnýjuð fyrir þúsund ára ríki Krists. Borgin var rík, hlaðin auðæfum. Hún var full af menningu. Vísindi voru í háum metum. Hversu líkt og nú á dögum. Söfnuðirnir eru auðugir. Tilbeiðslan er fögur og formleg, en köld og dauð. Menning og menntun hefur tekið stað hins Andans gefna Orðs og vísindi hafa komið í stað trúar, svo maðurinn er fórnarlamb efnishyggjunnar.

Í öllum einkennum er hin forna Laodíkea endurfædd í hinni tuttugustu aldar Laodíkeu öld. Fyrir miskunn Guðs mega þeir sem eyra hafa, fara út úr henni svo að þeir verði ekki þátttakendur í syndum hennar og eftirfylgjandi dómi.

ÖLD LAODÍKEU

Öld Laodíkeu hófst í upphafi tuttugustu aldarinnar, ef til vill 1906. Hversu lengi mun hún vara ? Sem þjónn Guðs sem hefur fengið að sjá ótalmargar sýnir, þar sem engin hefur brugðist, vil ég halda því fram (ég segi ekki að ég spái því, en ég held því fram) að þessari öld muni ljúka í kringum 1977. Ég vona að þið afsakið persónulegt innskot hér. Ég byggi þetta álit mitt á sjö meiriháttar samtengdum sýnum sem komu til mín einn sunnudagsmorgun í júní 1933. Drottinn Jesús talaði til mín og sagði að endurkoma Hans nálgaðist, en áður en Hann kæmi, myndu sjö stórfelldir atburðir eiga sér

III.

stað . Ég skrifaði þá alla niður og þennan sama morgun skýrði ég frá þessari opinberun Drottins. Fyrsta sýnin var að Mussolini myndi ráðast inn í Ethiopíu og að þjóð myndi “falla í fótspor hans “. Þessi sýn leiddi vissulega til talsverðra andmæla og sumir urðu mjög reiðir er ég sagði frá henni og vildu ekki trúna henni. En hlutirnir gerðust með þessum hætti. Hann gekk bara inn þarna með sínum nútíma herbúnaði og tók völdin Hinir innfæddu áttu ekki möguleika. En sýnin sagði líka að Mussolini myndi hljóta skelfileg örlög ásamt því að hans eigin þjóð myndi snúast gegn honum. Það gerðist líka alveg eins og það var sagt fyrir. Næsta sýnin sagði fyrir um, að Austurríkismaður að nafni Adolf Hitler myndi rísa upp sem einræðisherra í Þýskalandi og að hann myndi draga heiminn út í stríð. Hún sýndi Siegfried-Línuna og hvernig herdeildir okkar áttu hræðilegar stundir við að sigrast á henni. Síðan kom fram að Hitler myndi farast með dularfullum hætti. Þriðja sýnin var af sviði heims-stjórnmalanna, því hún sýndi mér að það yrðu í gangi þrjár miklar stefnur (isms), fasismi, nazismi, kommúnismi, en að tvær þær fyrri yrðu uppsvelgdar inn í þá þriðju. Röddin sagði áminnandi : “ **GEFIÐ GÆTUR AÐ RÚSSLANDI; GEFIÐ GÆTUR AÐ RÚSSLANDI. Hafið vakandi auga á konungi Norðursins.**” Fjórða sýnin sýndi hinar miklu framfarir í vísindum sem myndu koma eftir heimsstyrjöldina síðari. Þær voru undirstrikaðar í sýninni með bíl úr plastefni með loftbólulaga toppi sem ók niður eftir fallegum þjóðvegum fyrir tilvernað fjarstýringar, bíllinn hafði ekkert stýri og fólk sem sást sitja í honum var að skemmta sér við eitthvert leikspil. Fimmta sýnin snerti siðferðileg vandamál okkar tíma og tók aðallega mið af konum. Guð sýndi mér að konur byrjuðu að yfirgefa stöðu sína með tilkomu atkvæðisréttarins. Síðan klipptu þær hár sitt sem undirstrikaði að þær töldu sig ekki lengur undir yfirvaldi karlmanns en kröfðust annaðhvort jafnréttis eða í flestum tilfellum meira en jafnréttis. Konan fór í karlmannsföt og síðan fækkaði hún fötum, uns ég sá síðustu myndina af konu sem var allsnakin að undanskildu litlu fíkjublaði á vissum stað. Með þessari sýn sá ég hina hræðilegu spillingu og siðferðilegt ástand alls heimsins. Síðan í sjöttu sýninni sá ég rísa upp í Ameríku afar fagra en grimma konu. Hún hafði algjört vald yfir þjóðinni. Ég trúði því að þetta væri fyrirboði uppgangs Rómversk-kaþólsku kirkjunnar, þó að ég vissi að þetta gæti hugsanlega verið sýn um einhverja konu sem risi til mikilla valda í Ameríku vegna almenns atkvæðisréttar kvenna. Síðasta og sjöunda sýnin var sú, að ég heyrði afar hryllilega sprengingu. Þegar ég sneri mér við til að sjá, sá ég ekkert nema rústir, sprengigíga og reyk yfir öllu landflæmi Ameríku. Á þessum sýnum, ásamt með hröðum breytingum sem hafa ætt yfir heiminn á síðustu 50 árum, grundvalla ég það álit mitt (ég spái ekki) að þessar sýnir muni allar hafa komið fram 1977. Og þó mörgum kunni að finnast þetta óábyrg staðhæfing með tilliti til þess að Jesús sagði að “ enginn maður vissi daginn né stundina “ þá held ég enn fram þessari fyrirsögn eftir 30 ár, því Jesús sagði EKKI að enginn maður gæti vitað árið, mánuðinn eða vikuna sem koma Hans myndi eiga sér stað. Svo ég endurtek, að í einlægni trúi ég því og stend á því sem óbreyttur nemandi Orðsins, ásamt og með Guðlegum innblæstri, að árið 1977 ætti að marka endalok heimskerfanna og jafnframt upphaf 1000 ára ríkisins. Nú, leyfið mér að segja þetta. Getur einhver sannað að einhver þessara sýna hafi verið röng ? Rættust þær ekki allar ? Jú, hver og ein þeirra hefur ræst eða eru í þann veginn að ræstast. Mussolini gerði innrás í Ethiopíu sem heppnaðist, féll síðan og glataði öllu. Hitler hóf stríð sem hann gat ekki lokið við og dó á dularfullan hátt. Kommúnismi

IV.

yfirtók báðar hinar stefnurnar (ismana). Loftbóluplastbíllinn hefur verið smíðaður og bíður aðeins eftir betra vegakerfi. Konur eru allt að því naktar og klæðast jafnvel nú þegar topplausum baðfötum. Og nú fyrir nokkrum dögum sá ég í tímariti sömu fötin og ég sá í sýn minni (ef þið treystuð ykkur til að kalla það fót). Það var gagnsæ klæðistegund úr plastefni, með þremur dökklituum blettum sem huldu bæði brjóstin á smásvæði og svo var þriðji dökki bletturinn neðar. Kapólska kirkjan er í sókn. Við höfum haft einn kapólskan forseta og munum án efa fá annan. Hvað er eftir ? Ekkert nema Hebreabréfið 12:26 : “ **en raust Hans lét jörðina bifast fyrrum. En nú hefur Hann boðað og sagt :Enn einu sinni mun Ég skjálfa láta ekki jörðina eina , heldur og himnana”** .Enn einu sinni mun Guð hrísta jörðina og í svo miklum mæli að allt losni þar sem losnað getur. Svo mun Hann endurnýja hana. Bara í mars síðastliðnum,1964, skók jarðskjálftinn á Föstudaginn langa í Alaska allan heiminn, þó hann setti hnöttinn ekki af sporinu. En Guð var að vara við því með heimsskjálfta sem Hann mun brátt gera í miklu stærri mæli. Hann ætlar að sundra og tortíma þessum syndum fordæmda heimi, bróðir minn og systir, og það er aðeins einn staður sem getur staðist þá raun. Og það er faðmur Drottins Jesú. Og ég vil sárþæna ykkur meðan Guðs náð er enn til reiðu fyrir ykkur, að þið gefið allt líf ykkar skilyrðislaust Jesú Kristi. Honum sem mun bjarga ykkur sem hinn Trúi Hirðir og annast ykkur og bera ykkur fram lýtalaus í dýrð með ólýsanlega miklum fögnuði.

SENDIBOÐINN

Ég stórefast um að nokkur öld hafi þekkt sendiboðann sem Guð sendi henni, nema þá fyrsta öldin þar sem Páll var sendiboðinn. Og jafnvel á þeirri öld voru margir sem meðtóku hann ekki fyrir það sem hann var. Nú er það svo að öldin sem við lifum á mun verða mjög skammvinn. Atburðarásin mun ganga fyrir sig með miklum hraða. Þetta þýðir að sendiboðinn fyrir Laodíkeu-öldina hlýtur að vera hér nú þegar, þótt við ef til vill þekkjum hann ekki sem slíkan ennþá. En það hlýtur að koma sá tími að hann verði kunnur. Ég get sannað það þar sem við höfum Ritninguna sem lýsir þjónustu hans. Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að þessi boðberi hlýtur að vera spámaður. Hann mun hafa með höndum spámannlegt starfssvið. Hann mun ganga fram í spámannlegri þjónustu. Sú þjónusta mun algjörlega byggjast á Orðinu, því þegar hann spáir eða sér sýn, þá mun það alltaf verða “ undir smurningu Orðsins “ og alltaf rætast fullkomlega. Hann mun verða viðurkenndur sem spámaður vegna nákvæmni sinnar. Sönnunina fyrir því að hann sé spámaður er að finna í Opinberunarbókinni 10:7, “ **heldur mundi, þegar kæmi að rödd sjöunda engilsins og hann færi að básúna, fram koma leyndardómur Guðs, eins og Hann hafði boðað þjónum sínum, spámönnunum, gleðiboðskapinn um “** . Nú, þessi persóna sem í þessu versni er kölluð “ engill “ í King James útgáfunni, er EKKI himnesk vera. Sjötti básúnuengillinn, sem er himnesk vera, er í Opinberunarbókinni 9:13, og sá sjöundi af því tagi er í sömu bók 11: 15. Þessi sem hér um ræðir í Opinberunarbókinni 10:7 er sendiboði sjöundu aldarinnar og er maður, og hann á að flytja fram boð frá Guði. Boðskapur hans og þjónusta mun leiða í ljós leyndardóm Guðs eins og Hann hafði boðað þjónum sínum, spámönnunum. Guð mun meðhöndla þennan síðasta sendiboða sem

V.

spámann **VEGNA ÞESS AÐ HANN ER SPÁMAÐUR**. Það er það sem Páll var á fyrstu öldinni og síðasta öldin hefur sinn spámann líka. Amos 3:6-7, “ **Verður lúðurinn svo þeyttur innan borgar, að fólkið flykkist ekki saman í angist ? Vill nokkur ógæfa svo til í borginni, að Drottinn sé ekki valdur að henni ? Nei, Herrann Drottinn gjörir ekkert án þess að Hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnunum, ráðsályktun sína.**” Það var á lokatíma-skeiðinu sem hinar sjö þrumur Jesú komu fram. Opinberunarbókin 10:3-4, “ **og hann kallaði hárrí röddu, og er hann hafði kallað, töluðu þrumurnar sjö sínum raustum. Og er þrumurnar sjö höfðu talað, ætlaði ég að fara að rita, og ég heyrði rödd af himni sem sagði: Innsigla þú það sem þrumurnar sjö töluðu, og rita það ekki – “ . Hvað í þessum þrumum var veit enginn. En við þurfum að vita það. Og það þarf spámann til að fá þá opinberun, vegna þess að Guð hefur enga aðra leið til að leiða fram Ritningarlegar opinberanir Síнар nema í gegnum spámann. Orðið kemur alltaf fram með spámanni og svo mun ætíð verða. Augljóst er að þetta er lögmál Guðs og það sést jafnvel við tilviljunarkennda skoðun á Ritningunni. Hinn óumbreytanlegi Guð, með Sínum óumbreytanlegu háttum, sendir undantekningarlaust spámann Sinn til hvernar aldar þar sem fólkið hefur vikið frá Guðlegri reglu. Þegar guðfræðingarnir hafa skilið sig frá Orðinu og fólkið líka, hefur Guð ávallt sent þjón Sinn til þess fólks (en afsíðis frá guðfræðingunum) í því skyni að leiðrétta falska kenningu og leiða fólkið aftur til Drottins.**

Svo við sjáum komu sjöundu aldar sendiboðans og hann er spámaður .

Við sjáum ekki aðeins þennan sendiboða koma hér fram í Opinberunarbókinni 10:7 heldur finnum við að Orðið talar um komu Elía fyrir endurkomu Jesú. Í Matteusi 17:10 lesum við: “ **Og lærisveinar Hans spurðu Hann og sögðu: Hví segja þá fræðimennirnir að Elía eigi fyrst að koma ? En Hann svaraði og sagði: Elía kemur að vísu og mun færa allt í lag “ . Fyrir endurkomu Drottins okkar, verður Elía að koma aftur til endurreisnarstarfs í söfnuðinum. Það er það sem Malakí 4:5 segir: “ **Sjá, Ég sendi yður Elía spámann áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur, hann mun snúa hjörtum feðranna til barna sinna og hjörtum barnanna til feðra sinna til þess að Ég komi ekki og ljósti landið banni “ . Það er algjörlega efalaust mál, að Elía mun koma aftur fyrir komu Krists. Hann hefur sérstakt verk að vinna. Það verk er hluti af Malakí 4:6 sem segir: “ **hann mun snúa hjörtum barnanna til feðra sinna”**.****

Ástæðan fyrir því að við vitum að þetta er sérstakt verk hans sem vinnast skal á þeim tíma, er að hann hefur þegar lokið þeim hluta verksins sem segir : “ **hann mun snúa hjörtum feðranna til barna sinna “ . Það gerðist þegar Elía-þjónustan var framkölluð í Jóhannesi skírara. Lúkas 1:17, “ **Og hann mun ganga fyrir Honum í Anda og krafti Elía, til þess að snúa hjörtum feðranna til barnanna og hinum óhlýðnu til hugarfars réttláttra, til þess að búa Drottni altygjaðan lýð “ . Í þjónustu Jóhannesar var “ **hjörtum feðranna snúið til barnanna “ . Við vitum það vegna þess að Jesús sagði það. En það segir ekki að hjörtum barnanna hafi verið snúið til feðranna. Það á enn eftir að gerast. Hjörtum barna hinna síðustu daga mun snúið á ný til hvítasunnufeðranna. Jóhannes gerði feðurna viðbúna því að Jesús byði börn þeirra velkomin í faðminn. Nú mun þessi spámaður sem Andi Elía fellur yfir, undirbúa börnin svo þau bjóði Jesú á samahátt velkomin. Jesús kallaði Jóhannes skírara Elía. Matteus 17:12, **En Ég segi yður, að Elía er nú þegar kominn, en þeir þekktu hann eigi, heldur gjörðu við hann********

VI.

allt er þá fýsti". Ástæðan fyrir því að Hann kallaði Jóhannes Elía, var sú að sami Andinn og var yfir Elía hafði komið yfir Jóhannes, á sama hátt og hann hafði komið yfir Elísa eftir valdatíma Akabs konungs. Nú enn einu sinni mun hinn sami Andi koma yfir annan mann skömmu áður en Jesús kemur aftur. Sá maður mun vera spámaður. Hann mun hafa staðfestingu sem slíkur frá Guði. Þar sem Jesús sjálfur í holdinu mun ekki vera hér til að staðfesta hann, (eins og Hann gerði í tilfelli Jóhannesar) þá mun það gert af hinum Heilaga Anda svo að þjónusta þessa spámanns mun verða staðfest með miklum og dásamlegum sönnunum. Hjá þessum spámanni mun sérhver opinberun verða réttlætt því sérhver opinberun sem honum veitist mun rætast. Yndisleg kraftaverk munu eiga sér stað fyrir skipanir þær sem hann mun gefa í trú. Þá mun fram færður boðskapurinn sem Guð hefur falið honum í Orðinu, að snúa fólkinu aftur til sannleikans og hins sanna valds Guðs. Sumir munu hlusta, en meirihlutinn mun halda sér fast við formið eitt og hafna honum. Þar sem þessi spámaður og sendiboði Opinberunarbókarinnar 10:7 mun vera sá sami og er í Malakí 4:5-6, mun hann eðlilega líkjast Elía og Jóhannesi. Báðir voru menn sem aðskildir voru frá viðurkenndum trúarbragðaskólum þeirra tíma. Báðir voru menn óbyggðanna. Báðir störfuðu aðeins þegar þeir höfðu fyrirmælin “ **Svo segir Drottinn** “ beint frá Guði fyrir tilverknað opinberunar. Báðir réðust gegn trúarbragðaflokkum og leiðtogum síns tíma. En það var ekki aðeins svo, heldur réðust þeir gegn öllum sem voru spilltir eða líklegir til að spilla öðrum. Og takið eftir ! Báðir spáðu mikið gegn ósiðlátum konum og lífsháttum þeirra. Elía hrópaði í gegn Jessabel og Jóhannes stóð í gegn Heródíasi, eiginkonu Filippusar. Þó þessi spámaður verði ekki vinsæll mun hann verða viðurkenndur af Guði. Eins og Jesú viðurkenndi Jóhannes og hinn Heilagi Andi viðurkenndi Jesú, getum við alfarið gengið út frá því að þessi maður verði fyrst af öllu staðfestur af Andanum sem starfa mun í lífi hans með kraftaverkum sem verða ómótmælanleg og hvergi munu gerast annarsstaðar, og Jesús sjálfur mun við endurkomuna viðurkenna hann á sama hátt og Hann viðurkenndi Jóhannes. Jóhannes vitnaði um að Jesús væri að koma – og þessi maður mun, eins og Jóhannes, vitna um að Jesús sé að koma. Og hin Mikla Endurkoma Krists mun sanna að þessi maður er í sannleika fyrirrennari seinni komu Hans. Þetta er lokasönnunin fyrir því að þessi maður er spámaðurinn í Malakí 4, því Jesús sjálfur mun marka endalok heiðingjatímabilsins með því að birtast. Þá verður það of seint fyrir þá sem hafa hafnað honum. Í því skyni að skýra enn frekar kynningu okkar á þessum spámanni síðustu daga, þá skulum við sérstaklega taka eftir því að spámaðurinn í Matteusi 11:12 var Jóhannes skírari, sem var sá er fyrir var sagður í Malakí 3:1 “ **Sjá, Ég sendi sendiboða minn og hann mun greiða veginn fyrir Mér, og bráðlega mun Hann koma til Musteris Síns, Sá Drottinn er þér leitið, og Boðberi sáttmálans, Sá er þér þráið, sjá, Hann kemur, segir Drottinn hersveitanna .”** Matteus 11: 1-12, “ **Og það varð, er Jesús hafði lokið fyrirskipunum Sínum til þeirra tólf lærisveina Sinna, að Hann fór þaðan, til þess að kenna og prédika í borgum þeirra. En er Jóhannes heyrði í fangelsinu um verk Krists, gjörði hann Honum orðsending með lærisveinum sínum og lét segja við Hann: Ert Þú Sá sem koma á eða eigum vér að vænta annars ? Og Jesús svaraði og sagði við þá: Farið og kunngjörið Jóhannesi það sem þið heyrið og sjáið: blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra og dauðir upprísa og fátækum er boðað fagnaðarerindi, Og sæll er sá sem ekki hneykslast á Mér. En er þeir voru farnir, tók**

VII.

Jesús að tala til mannfjöldans um Jóhannes: Hvað fóruð þér út í óbyggðina að sjá ? Reyrt af vindi skekinn ? Eða, hvað fóruð þér út að sjá ? Mann mjúkklaeddan ? Sjá, þeir sem bera mjúk klæði, eru í höllum konunganna. Eða til hvers fóruð þér út ? Til að sjá spámann ? Já, Ég segi yður, jafnvel meira en spámann ; hann er sá sem um er ritað:

Sjá, Ég sendi sendiboða Minn á undan Þér, er greiða mun veg þinn fyrir Þér. Sannlega segi Ég yður : eigi hefur fram komið meðal þeirra, er af konum eru fæddir, meiri maður en Jóhannes skírari, en hinn minnsti í himnaríki er honum meiri .” Þetta hefur þegar átt sér stað. Þetta hefur gerst. Það er að baki. En sjáið nú í Malakí 4:1-6, “ Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir er guðleysi fremja, munu þá verða sem hálmleggir, og dagurinn sem kemur, mun kveikja í þeim, segir Drottinn hersveitanna, svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur. En yfir yður, sem óttist Nafn Mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum, og þér munuð sundur troða hina óguðlegu, því að þeir munu verða aska undir iljum yðar, á þeim degi, er Ég hefst handa, segir Drottinn hersveitanna. Munið eftir lögmáli Móse þjóns Míns, þess er Ég á Hóreb fól setningu og ákvæði fyrir allan Ísrael. Sjá Ég sendi yður Elía spámann áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur, hann mun sætta feður við börn og börn við feður, til þess að Ég komi ekki og ljósti landið banni. “

Sjá, þegar í stað eftir komu ÞESSA Elía, mun jörðin hreinsuð með eldi og hinir vondu brenndir til ösku. Auðvitað gerðist þetta EKKI á tímum Jóhannesar (Elía síns tíma). Andi Guðs sem spáði fyrir komu sendiboðans í Malakí 3-1 (Jóhannesar) var aðeins að endurtaka áður framsetta spámanns-staðhæfingu sem er í Jesaja 40:3, og fram kom a.m.k. þrem öldum fyrr: “ **Heyr, kallað er í eyðimörkinni: Greiðið götu Drottins, ryðjið Guði vorum veg í óbyggðinni** “. Svo endurhljóma spádómarnir um Jóhannes úr Jesaja og Malakí, fyrir atbeina Heilags Anda, í Matteusi 3:3 : “ **Því að hann er sá, sem Jesaja spámaður talar um, er hann segir: Rödd manns er hrópar í óbyggðinni: Greiðið veg Drottins, gjörði beinar brautir Hans.**” Svo við getum vel séð af þessum Ritningarstöðum að spámaðurinn í Malakí 3, sem var Jóhannes, var EKKI spámaðurinn í Malakí 4, þó svo sannarlega hefðu bæði Jóhannes og þessi spámaður síðustu daga yfir sér sama Andann og var yfir Elía. Nú, þessi sendiboði í Malakí 4 og Opinberunarbókinni 10:7 mun gera tvennt. Eitt, í samræmi við Malakí 4 mun hann snúa hjörtum barnanna til feðranna. Tvö, hann mun opinbera leyndardóma hinna sjö þruma í Opinberunarbókinni 10, sem eru þær opinberanir sem felast í hinum sjö innsiglium. Það munu vera þessi guðlega opinberuðu leyndardóms-sannindi sem í raun og veru snúa hjörtum barnanna til Hvítasunnufedranna. Einmitt þannig verður það !

En hugleiðið þetta líka. Þessi spámanns-sendiboði mun vera í eðli sínu og háttum eins og Elía og Jóhannes. Fólkið á dögum þessa spámanns-sendiboða mun vera eins og það var á dögum Akabs og Jóhannesar. Og þar sem það eru “ **AÐEINS BÖRNIN** “ sem láta snúast í hjörtum sínum, þýðir það að aðeins þau muni hlusta. Á dögum Akabs var aðeins að finna 7000 Ísraelíta af sönnu sæði. Á dögum Jóhannesar voru þeir einnig næsta fáir.

Fjöldinn á báðum þessum tímaskeiðum hélt sig að saurlífnaði skurðgoðadýrkunar.

Ég vil gera enn einn samanburð á spámanns- sendiboða Laodíkeu-tímans og Jóhannesi, spámanns-sendiboða fyrri komu Krists. Fólkið á dögum Jóhannesar tók hann ranglega

VIII.

fyrir Messías. Jóh. 1:19-20, “ **Og þessi er vitnisburður Jóhannesar, þá er Gyðingarnir sendu til hans frá Jerúsalem, presta og Levíta, til þess að spyrja hann : Hver ert þú ? Og hann játaði og neitaði ekki, og hann játaði: Ekki er ég Kristur.**”

Nú, þessi spámaður og sendiboði síðustu daga, mun hafa slíkt vald frammi fyrir Guði, að þeir munu finnast sem munu taka hann fyrir Drottin Jesú. (Það mun vera andi í heiminum á endatímunum sem mun véla ýmsa og fá þá til að trúá þessu) Matteus, 24: 23-26, “ **Ef einhver þá segir við yður : Sjá, hér er Kristur, eða hér, þá trúið því ekki. Því að upp munu rísa falskristar og falsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákn og undur, til þess að leiða í villu ef verða mætti, jafnvel útvalda. Sjá, Ég hef sagt yður það fyrir. Ef þeir því segja við yður: Sjá, Hann er í óbyggðinni, - þá farið eigi út þangað ; sjá, Hann er í herbergjunum, - þá trúið því ekki . “**

En trúið því ekki. Hann er ekki Jesús Kristur. Hann er ekki Sonur Guðs. HANN ER EINN AF BRÆÐRUNUM, SPÁMAÐUR, SENDIBOÐI, ÞJÓNNS GUÐS.

Hann þarf engan meiri heiður fyrir sig en Jóhannes hlaut, þegar hann var röddin sem hrópaði : Ég er ekki Hann, en HANN KEMUR Á EFTIR MÉR !

Áður en við ljúkum þessum hluta um sendiboðann til Laodíkeu-tímans, skulum við alvarlega íhuga þessi tvö umhugsunarefni. Fyrst, þessi tími mun eiga EINN spámansboðbera. Opinberunarbókin 10:7 segir : “ **Þegar hann (eintala) mun byrja að básúna** “. Það hefur aldrei komið sú öld að Guð hafi gefið fólki Sínu tvo meiriháttar spámenn á sama tíma. Hann gaf Enok (einan); Hann gaf Nóa (einan); Hann gaf Móse (hann einn hafði Orðið þó aðrir spáðu). Jóhannes skírari kom einn. Nú á þessum síðustu dögum mun koma fram SPÁMAÐUR (ekki spákona – þó að á þessari öld komi fleiri konur en karlmenn fram með Guðs opinberanir), og hið óskeikula Orð segir að hann (þessi spá – maður) muni opinbera leyndardómanna fyrir fólkinu á þessum síðustu tímum og snúa hjörtum barnanna aftur til feðranna. Þeir eru til sem segja, að fólk Guðs muni safnast saman fyrir sameiginlega opinberun. Ég véfengi þá staðhæfingu. Hún er umbúðalaus, ólögsmætur tilbúningur sem gengur þvert á Opinberunarbókina 10:7.

Nú, ég neita því ekki að fólk muni spá á þessari síðustu öld og þjónusta þess getur verið og mun vera rétt. Ég neita því ekki að þá verði spámenn alveg eins og á dögum Páls þegar þar var “ **einn Agabus, spámaður sem spáði fyrir hallæri** “. Ég samþykki að svo sé. EN ÉG NEITA ÞVÍ Á GRUNDEVILLI ÓSKEIKULLAR SÖNNUNAR ORÐSINS AÐ ÞAÐ SÉ MEIRA EN EINN MEIRIHÁTTAR SPÁMANNLEGUR- SENDIBOÐI SEM MUN OPINBERA LEYNDARDÓMANA EINS OG INNIFALIÐ ER Í ORÐINU OG SEM HEFUR ÞÁ ÞJÓNUSTU AÐ SNÚA HJÖRTUM BARNANNA TIL FEÐRANNA “. “**Svo segir Drottinn** “ stendur með óskeikulleika Orðs Hans og mun standa og fram koma. Það er einn spámans-sendiboði fyrir þessa öld. Á grundvelli mannglegrar hegðunar einnar, þekkir hver og einn, að þar sem margt fólk er, þar eru jafnvel deildar meiningar á minniháttar atriðum í meginkenningu sem það allt hefur sameiginlega. Hver hefur þá vald óskeikulleikans sem á að endurreisa á þessari lokaöld, því þessi lokaöld mun snúa til baka til að sýna í skýru ljósi hina Hreinu Brúði Orðsins ?

Það þýðir að við munum hafa Orðið enn á ný eins og það var gefið í fullkomnun og fullkomlega skilið á dögum Páls. Ég skal segja ykkur hver mun hafa það.

Það mun verða spámaður, eins afgerandi staðfestur eða jafnvel enn frekar en nokkur spámaður á öllum öldum frá Enok til þessa dags, vegna þess að þessi maður mun fyrir

IX.

nauðsyn hafa hyrningarsteins-spámannsþjónustu og Guð mun leiða hann fram. Hann þarf ekki að tala fyrir sig sjálfur. Guð mun tala fyrir hann með rödd táknsins (innsiglisins) Amen.

Önnur hugsunin sem þarf að hafa mikið vægi í hjörtum okkar er að kirkjaldirnar sjö hófust með anda andkrists alveg eins og hinum Heilaga Anda, sem blessaður sé um eilífð. I.Jóh. 4:1, “ Þér elskaðir, trúið ekki sérhverjum anda, heldur reynið andana, hvort þeir séu frá Guði, því að margir falsspámenn eru farnir út í heiminn ” Takið þið eftir þessu ? Andi andkrists er samgróinn falsspámönnum. Aldirnar komu með falsspámenn og þær munu líða til enda með falsspámönnum. Og svo mun auðvitað verða RAUNVERULEGUR FALSSPÁMAÐUR í stórri tilvísun til þess manns sem nefndur er í Opinberunarbókinni. En eins og sakir standa munu margir falsspámenn koma fram áður en hann opinberast. Matteus 24:23-26, “ Ef einhver þá segir við yður: Sjá hér er Kristur, eða hér, þá trúið því ekki. Því að upp munu rísa falskristar og falsspámenn og þeir munu gjöra stór tákni og undur, til þess að leiða í villu, ef verða mætti, jafnvel útvalda. Sjá, Ég hef sagt yður það fyrir. Ef þeir því segja við yður : Sjá, Hann er í óbyggðinni, – þá farið eigi út þangað ; sjá, Hann er í herbergjunum, - þá trúið því ekki. “ Þessir falsspámenn eru eyrnamerkir fyrir okkur í fjölda annarra Ritningarstaða, eins og eftirfarandi ,II.Pét.2:1-2, “ En falsspámenn komu einnig upp meðal lýðsins, eins og falskennendur munu líka verða á meðal yðar, er smeygja munu inn háskalegum villukenningum og jafnvel afneita Herra sínum sem keypti þá, og leiða yfir sig sjálfa bráða glötun. Og margir munu fylgja ólifnaði þeirra, og sakir þeirra mun vegi sannleikans verða hallmælt.” II.Tím.4:3-4, “ Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur kitlar þá á eyrunum og þeir hópa að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum; og þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum, og snúa sér að ævintýrum .” I.Tím. 4:1, “ En Andinn segir berlega, að á síðari tímum muni sumir ganga af trúnni, er gefa sig að villu-öndum og lærdómum illra anda. “ Nú í hverju tilfelli munuð þið taka eftir því að falsspámaður sem slíkur stendur fyrir utan Orðið. Alveg eins og við sýndum ykkur að “ andkristur “ þýðir “ and-Orðið “, þannig koma þessir falsspámenn til að umsnúa Orðinu og gefa því túlkun sem fellur að djöfullegum endalokum þeirra sjálfra. Hafið þið einhverntíma tekið eftir því hvernig menn sem leiða aðra afvega, binda þá hina sömu fasta við sig með ótta ? Þeir segja að ef fólkíð geri ekki eins og þeir segja, eða ef það vill losna burt, þá muni tortíming koma yfir það. Þeir eru falsspámenn, því sannur spámaður mun alltaf leiða hvern mann til Orðsins og binda fólk við Jesú Krist og hann mun ekki segja fólkinu að óttast sig eða það sem hann segir, heldur óttast það sem Orðið segir. Takið eftir hvernig þetta fólk, eins og Júdas, er á höttunum eftir peningum. Það fær ykkur til að selja allt sem þið eigið og gefa þeim það og þeirra áformum. Þeir eyða meiri tíma í að taka við fórnunum en bera Orðið fram. Þeir sem reyna að kalla á gjafir með þessu móti, munu nota til þess hæfileika sem leiðast af villu og svo munu þeir biðja um peninga og vanrækja Orðið og segja samt að þeir séu á Guðs vegum. Og fólk mun fara til þeirra og bera byrðar með þeim og styðja þá, og trúa þeim, án þess að vita að þetta er vegur dauðans. Já, landið er fullt af holdlegum persónugervingum. Á síðustu dögum munu þeir reyna að líkja eftir þessum spámanns-sendiboða. Sjö synir Skeva reyndu að herma eftir

X.

Páli. Símon særingamaður reyndi að herma eftir Pétri. Persónugervi þeirra munu verða holdleg. Þeir munu ekki geta framkallað það sem hinn sanni spámaður framkallar.

Þegar hann segir að vakningin sé gengin hjá, munu þeir fara um og lýsa yfir mikilli opinberun, sem sé þeirri að það sem fólkið hafi sé nákvæmlega rétt og Guð ætli að gera miklu meiri og yndislegri hluti meðal fólksins. Og fólk mun falla fyrir þessu. Þessir sömu falsspámenn munu lýsa því yfir að sendiboðinn til síðustu daganna sé ekki guðfræðingur og því eigi ekki að hlusta á hann. Þeir munu ekki geta framkallað það sem sendiboðinn getur, þeir munu ekki verða staðfestir af Guði eins og spámaður hinna síðustu daga, en með ólgandi orðaflóði sínu og með þunga heimslegrar viðurkenningar um víða veröld, munu þeir vara fólk við því að hlusta á þennan mann (sendiboða) og þeir munu segja að hann kenni ranga hluti. Þeir hlaupa nákvæmlega eins og feður þeirra, Farísearnir, sem voru af djöflinum, því þeir lýstu því yfir að bæði Jóhannes og Jesús kenndu villu.

Nú, hversvegna koma þessir falsspámenn á móti hinum sanna spámanni og gera lítið úr því sem hann kennir ? Vegna þess að þeir hlaupa í samræmi við kreddur og form eins og forfeður þeirra gerðu, þegar þeir á dögum Akabs stóðu í gegn Míka. Þeir voru 400 talsins og allir voru þeir sama sinnis, og vegna þess að þeir sögðu það sama, blekktu þeir fólkið.

En EINN spámaður – aðeins einn – hafði á réttu að standa og allir hinir voru með rangt mál, vegna þess að Guð hafði aðeins falið opinberunina í hendur ÞESSUM EINA.

Verið á verði fyrir falsspámönnum sem eru glefsandi úlfar !

Séuð þið enn í einhverjum vafa um þetta, biðjið þá Guð að Hann fyrir Anda Sinn fylli ykkur og leiði ykkur, því hinir útvöldu verða ekki blekktir. Náðuð þið þessu ?

Það mun enginn maður geta blekkt ykkur. Páll hefði ekki getað blekkt neinn útvalinn hefði hann verið með rangt mál. Og á þeirri fyrstu Efesusöld var ekki hægt að blekkja hina útvöldu því þeir reyndu hina fölsku postula og spámenn og fundu að þeir voru lygarar og settu þá frá. Hallelúja ! Sauðir Hans heyra rödd Hans og þeir fylgja Honum. Amen. Ég trúi því.

KVEÐJAN

Opinberunarbókin 3:14, “ **Þetta segir Hann sem er Amen, Votturinn Trúi og Sanni, Upphaf Guðs sköpunar** “. Ó, er þetta ekki yndislegasta lýsingin á eiginleikum okkar dásamlega Herra og Frelsara Jesú Krists ? Þessi orð hafa þau áhrif á mig að mig langar bara til að hrópa. Þau færa slíkan anda raunveruleika inn í hjarta mitt. Aðeins að lesa þau, jafnvel án þess að bíða eftir gagngerðri opinberun Andans fyrir þau, gagntekur mig. Jesús er að gefa okkur lýsingu á sjálfum Sér í sambandi við síðustu öldina. Dagar náðarinnar eru að enda sitt skeið. Hann hefur horft frá fyrstu öldinni, beint í gegnum þær allar, til þeirrar tuttugustu, og sagt okkur alla hluti varðandi þessar aldir. Áður en Hann opinberar fyrir okkur einkenni síðustu aldarinnar, gefur Hann okkur eina lokasýn á Sitt eigið náðarríka og algjöra guðdómseðli. Það er hyrningarsteins-opinberun Hans sjálfs. Svo segir “ AMENIÐ “. Jesús er Amen Guðs. Jesús er “ Verði svo “Guðs. Amen stendur fyrir endanleg úrslit. Það stendur fyrir samþykki. Það stendur fyrir ríkjandi fyrirheit. Það stendur fyrir óumbreytanlegt heit. Það stendur fyrir innsigli Guðs. Ég vil að þið takið vel eftir þessu og sjáið nokkuð sem er virkilega sætt og fallett. Ég sagði að þetta væri endatíma-opinberun Hans varðandi sjálfan Hann. Þegar náðartímanum lýkur, þá er stutt í

XI.

Þúsund ára ríkið, er það ekki ? Nú, lesið með mér Jesaja 65:16-19, “ svo að hver sá er óskar sér blessunar í landinu, hann óskar sér blessunar í Nafni hins trúfasta Guðs, og hver sem eið vinnur í landinu, hann vinnur eið við hinn trúfasta Guð, af því að hinar fyrri þrautir eru þá gleymdar og af því að þær eru huldar fyrir augum Mínun. Því sjá, Ég skapa nýjan himin og nýja jörð, og hins fyrra skal ekki minnst verða og það skal engum í hug koma. Nei, gleðjist og fagnið ævinlega yfir því sem Ég skapa, því sjá, Ég gjöri Jerúsalem að fögnuði og fólkið í henni að gleði. Og Ég vil fagna yfir Jerúsalem og gleðjast yfir fólki Mínun, og eigi skal frammar heyrast þar gráthljóð eða kveinstafir”. Þetta er um hina nýju Jerúsalem. Þetta er Þúsund ára ríkið.

En þar sem við göngum inn í Þúsund ára ríkið, þá skulum við heyra hvað Hann segir um að vera sérstök tegund Guðs, vers 16, “ svo að hver sá er óskar sér blessunar í landinu, hann óskar sér blessunar í Nafni hins trúfasta Guðs “. Já, þetta er sannleikur, en hin raunverulega þýðing er ekki hinn trúfasti Guð. Það er “ Guð Amensins “. Svo við lesum það: hann óskar sér blessunar í Guði AMENSINS, og hann sem eið vinnur hann gerir það við Guð AMENSINS, af því að hinar fyrri þrautir eru þá gleymdar og af því að þær eru huldar fyrir augum Mínun. Því sjá, Ég skapa nýjan himin og nýja jörð, og hins fyrra skal ekki minnst verða og það skal engum í hug koma. Nei, gleðjist og fagnið ævinlega yfir því sem Ég skapa, því sjá, Ég gjöri Jerúsalem að fögnuði og fólkið í henni að gleði. Og Ég vil fagna yfir Jerúsalem og gleðjast yfir fólki Mínun, og eigi skal frammar heyrast þar gráthljóð eða kveinstafir”. Hallelúja !

Hér er Jehóva úr Gamla Testamentinu, “ Guð Amensins “. Hér er Jesús úr Nýja Testamentinu, “ Guð Amensins “. Heyrið, ó, Ísrael, Drottinn Guð þinn er EINN Guð. Þarna kemur það enn einu sinni. Jehóva Gamla Testamentisins er Jesús Nýja Testamentisins. Heyrið, ó, Ísrael, Drottinn Guð þinn er EINN Guð.

Nýja Testamentið opinberar ekki ANNAN Guð, heldur er það frekari opinberun á hinum Eina og Sanna Guði. Kristur kom ekki niður til að gera sjálfan Sig kunnan. Hann kom ekki til að opinbera Soninn. Hann kom til að opinbera og gera Föðurinn kunnan.

Hann talaði aldrei um tvo Guði. Hann talaði um EINN Guð. Og nú á þessari síðustu öld, höfum við komið til baka að hyrningarsteins-opinberuninni, þýðingarmestu opinberun Guðdómsins í allri Biblíunni, það er, JESÚS ER GUÐ; HANN OG FAÐIRINN ERU EITT: ÞAÐ ER EINN GUÐ, OG NAFN HANS ER DROTTINN JESÚS KRISTUR.

Hann er Guð Amensins. Hann breytist aldrei. Það sem Hann gerir breytist aldrei. Hann segir það og það stendur í fullu gildi. Hann gerir það og það er gert að eilífu. Enginn getur dregið úr því sem Hann segir né bætt þar við. Svo verði það !

Eruð þið ekki glöð yfir því að þið þjónið slíkum Guði ? Þið getið vitað til fulls hvar þið eruð með Honum á hverjum tíma og um alla tíma. Hann er AMEN Guð og breytist ekki.

“ Þessa hluti sagði AMENIÐ “! Mér líkar það. Það þýðir að hvað sem Hann segir þá sé það endanlegt. Það þýðir að hvað sem Hann sagði til fyrstu aldarinnar og til þeirrar næstu og til allra alda um Sína eigin sönnu kirkju og um falska vínviðinn er nákvæmlega rétt og það breytist ekki. Það þýðir að það sem Hann byrjaði með í I. Mósebók muni Hann ljúka í Opinberunarbókinni. Hann verður að gera það því Hann er Amenið, SVO VERÐI ÞAÐ. Nú getum við séð aftur hversvegna djöfullinn hatar I.Mósebók og Opinberunarbókina. Hann hatar sannleikann. Hann veit að sannleikurinn mun sigra. Hann veit hver verða endalok hans. Hversu mjög berst hann gegn þeim. En við erum í hinu

XII.

sigrandi liði. Við (og þá á ég við þá sem trúá Orði Drottins) erum þeim megin sem Amenið er.

“ Þessa hluti sagði hinn Trúi og Sanni Vottur “ . Nú langar mig til að sýna ykkur hvað ég finn í hugtakinu “ trúi “. Þið vitið að við tölum oft um mikinn, óumbreytanlegan Guð, Hvers Orð breytist ekki. Og þegar við tölum um Hann með þeim hætti, fáum við oft mynd af Honum sem gerir Hann að því er virðist mjög ópersónulegan. Það er eins og þótt Guð hafi gert allan alheiminn og öll lögmálin sem heyra honum til, hafi síðan dregið Sig til baka og orðið mikill, ópersónulegur Guð. Það er eins og Guð hafi skapað veg hjálpræðisins fyrir villuráfandi mannkyn, sá vegur verandi krossinn, og síðan þegar dauði Kristis hafði friðþægt fyrir syndir okkar og upprisa Hans hafði gefið okkur opnar dyr til Hans, þá hafi Guð bara krosslagt hendurnar á brjóstinu og dregið sig til baka. Það er eins og ef við að meirihluta tryðum á mikinn Skapara, sem eftir að hafa skapað, hefði misst persónulegan áhuga á sköpun sinni. Nú segi ég þetta eins og of margt fólk virðist temja sér að hugsa. En það er röng hugsun, því Guð er VIÐ STJÓRN Í MÁLUM MANNA EINMITT NÚ. HANN ER BÆÐI SKAPARI OG SÁ SEM VIÐHELDUR HLOTUNUM. Kól.1:16-17, **“ enda var allt skapað í Honum í himnunum og á jörðunni, hið sýnilega og hið ósýnilega, hvort sem eru háseti eða herradómar eða tignir eða völd. Allir hlutir eru skapaðir fyrir Hann og til Hans ; Og sjálfur er Hann fyrri en allt og allt á tilveru sína í Honum “.** Hann er Fullkominn Guð. Fyrir eigin ráðsályktun ákvað Hann hjálpræðis-áætlunina fyrir sína útvöldu sem Hann þekkti fyrir. Sonurinn dó á krossinum til að stofna til hjálpræðisins, grundvalla það, og hinn Heilagi Andi framkvæmir nákvæmlega vilja Föðurins. Hann vinnur að öllum málum á þessu augnabliki í samræmi við tilgang Síns eigin vilja. Hann er mitt í þessu öllu. Hann er mitt í söfnuði sínum.

Þessi mikli Skapari, Frelsandi Guð, er í sannleika að vinna mitt á meðal Sinna eigin einmitt núna eins og hinn mikli Hirðir sauðanna. Öll tilvera Hans er helguð þeim sem tilheyra Honum. Hann elskar þá og annast um þá. Auga Hans hvílir stöðugt á þeim.

Þegar Orðið segir að “ líf ykkar er falið með Kristi í Guði “ þá þýðir það nákvæmlega það sem það segir. Ó, ég er svo glaður að Guð minn er og verður trúr. Hann er trúr sjálfum Sér. Hann mun ekki fara með rangt mál. Hann er trúr gagnvart Orðinu. Hann mun styðja það. Hann er trúr gagnvart okkur. Hann vill ekkert okkar missa, en reisa okkur upp á hinsta degi. Ég er glaður yfir því að ég get hvílt í fullvissu þess að Hann er trúr. Fil.1:6, **“ þar eð ég fulltreysti einmitt því, að Hann sem byrjaði í yður góða verkið, muni fullkomna það allt til dags Jesú Kristis. “**

“ Hann er hinn Sanni Vottur “ . Nú, þetta orð, “ sanni “ er sama orðið og við sjáum notað í Opinberunarbókinni 3:7. Þið munið að það þýðir ekki “ sannur “ eins og til mótvægis við “ falskur “. Það hefur miklu ríkari og dýpri merkingu. Það undirstrikar fullkominn skilning sem andstæðu skilnings að hluta til. Nú á liðinni öld Fíladelfíu var koma Drottins að nálgað. Ó, hvað sú öld sýndi og sannaði mikla ást til Hans. Það minnir mig á hin fögru orð í I.Pétursbréfi,1:8, **“ Þér hafið ekki séð Hann, en elskið Hann þó; þér hafið Hann ekki nú fyrir augum yðar, en trúið samt á Hann; þér munuð fagna með óumræðilegri og dýrðlegri gleði “.** Og við fögnum með þeim líka. Við höfum ekki séð Hann, en við höfum skynjað Hann. Við þekkjum Hann nú eins vel og okkar takmörkuðu skilningarvit leyfa. En einn dag verður það augliti til auglitis. Það er fyrir þessa öld. Hann kemur við lok þessarar aldar. Skilningur að hluta til mun verða gerður að

XIII.

FULLKOMNUM SKILNINGI, ENDANLEGUM SKILNINGI. Hallelúja ! Við höfum verið að horfa í gegnum skuggsjá, en brátt mun það verða augliti til auglitis. Við höfum verið að ganga frá dýrð til dýrðar, en brátt mun dýrðin verða mitt á meðal okkar og í HANS DÝRÐ MUNUM VIÐ SKÍNA, VIÐ MUNUM VERÐA HONUM LÍK, DÁSAMLEGA LÍK HONUM, JESÚ, OKKAR GUÐDÓMLEGA FRELSARA.

Er það ekki yndislegt ? Við erum fullkomin í Honum. Það er sannleikur. Hann mun ekki fara með rangt mál við okkur um það. En einn dag munum við breytast í frumgerðinni. Við munum íklæðast ódauðleikanum. Við munum algjörlega verða uppsvelgd í lífinu. Þá munum við SKILJA með fullkomnum skilningi.

“ **Hann er Votturinn Trúi og Sanni** “ Nú, hugsum um orðið “ vottur “. Það er orðið sem við fáum orðið “ píslarvottur “ frá. Biblían talar um Stefán og Antipas og aðra sem píslarvotta. Þeir voru píslarvottar ; Þeir voru líka vottar. Jesús var trúr píslarvottur. Heilagur Andi er vottur þess. Andinn ber vott um það. Heimurinn hataði Jesú. Heimurinn tók Hann af lífi. En Guð elskaði Hann og Hann fór til Föðurins. Sönnunin fyrir því að Hann fór til Föðurins er að Heilagur Andi kom. Ef Jesús hefði ekki verið meðtekinn af Föðurnum, hefði Andinn ekki komið. Lesið það í Jóh.16:7-11, “ **En Ég segi yður sannleikann: Það er yður til góðs, að Ég fari burt; því að fari Ég ekki burt, mun Huggarinn ekki koma til yðar, en þegar Ég er farinn, mun Ég senda Hann til yðar. Og þegar Hann kemur, mun Hann sannfæra heiminn um synd og um réttlæti og um dóm; um synd, af því að þeir trúá ekki á mig ; en um réttlæti, af því Ég fer burt til Föðurins, og þér sjáið mig ekki lengur ; en um dóm, af því að höfðingi þessa heims er dæmdur**”. Nærvera Heilags Anda í þessum heimi í stað þess að Jesús væri hér, sannar að Jesús var réttlátur og fór til Föðurins. En það segir líka í Jóh. 14:18, “ **Ekki mun Ég skilja yður eftir munaðarlausa. Ég kem til yðar** “. Hann sendi HUGGARANN. Hann var HUGGARINN. Hann kom aftur í ANDA yfir hina trúföstu kirkju. Hann er hinn trúi og sanni VOTTUR mitt í kirkjunni. En dag einn mun Hann koma í holdi á ný. Hann mun sanna þá HVER sé hinn eini vitri drottari – það er Hann, Jesús Kristur, Drottinn Dýrðarinnar.

Hinn Trúi og sanni Vottur, Skapari og Viðhaldari, Fullkominn Skilningur, Amen Guðs.

Ó, hvað ég elska Hann, hvað ég dáí Hann, Jesú, Son Guðs !

Ég vil ljúka hugsunum mínum varðandi þennan hluta kveðjunnar með þessum orðum úr II. Korintubrési, I:18-22, “ **Svo sannarlega sem Guð er trúr : Orð vor til yðar eru ekki bæði já og nei. Því að Sonur Guðs, Jesús Kristur, sem á meðal yðar er prédikaður af oss, af mér og Silvanusi og Tímóteusi, var ekki bæði já og nei, heldur er allt já þar sem Hann er. Því að svo mörg sem fyrirheit Drottins eru, í Honum er staðfesting þeirra með jái ; þess vegna skulum vér og fyrir Hann segja Amen Guði til dýrðar. En sá, sem heldur oss ásamt yður fast við Krist og smurði oss, er Guð, sem og hefur innsiglað oss og gefið oss pant Andans í hjörtu vor** “.

“ **Upphaf Sköpunar Guðs** “. Það er það sem Drottinn Jesús segir að Hann sé. En þessi orð þýða ekki nákvæmlega eins og þau hljóma til okkar. Það að taka þau eins og þau hljóma, hefur gert það að verkum, að sumt fólk (raunar fjöldi manna) fær þá hugmynd að Jesús hafi verið fyrsta sköpun Guðs, sem gerir Hann lægri en Guðshöfuðið. Síðan hafi þessi fyrsta sköpun skapað allan alheiminn og allt sem hann innifelur. En þetta er ekki rétt. Þið vitið að þetta er ekki í samhljómi við Biblíuna yfir höfuð. Orðin eru “ Hann er

XIV.

UPPHAF eða HÖFUNDUR sköpunarverks Guðs “. Nú vitum við með vissu að Jesús er Guð, algjör Guð. Hann er Skaparinn. Jóh.1:3, “ **Allir hlutir voru gerðir af Honum, og án Hans varð ekkert til sem til er orðið** “. Hann er Sá sem til er vísað í I.Mós.1:1, “ **Í upphafi skapaði Guð himin og jörð** “. og einnig segir í II.Mós.20:11, “ **Því að á sex dögum gjörði Drottin himin og jörð, hafið og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn** “. Sjáið ! Það er enginn vafi á því að Hann er Skaparinn. Hann var Skaparinn að ENDANLEGA SKAPAÐRI EFNISLEGRI SKÖPUN.

Vissulega getum við séð hvað þessi orð þýða nú. Að hafa einhverja aðra túlkun myndi þýða að Guð hefði skapað Guð. Hvernig gæti Guð verið skapaður þegar Hann, já, Hann sjálfur, er Skaparinn ? En nú stendur Hann mitt í kirkjunni. Og þar sem Hann stendur þar og opinberar sjálfan Sig og hver Hann er á þessari síðustu öld, kallar Hann sjálfan Sig “ Höfund sköpunar Guðs “. Þar er um AÐRA SKÖPUN að ræða. Sú sköpun viðkemur kirkjunni. Þar er um að ræða sérstaka tilnefningu Hans. Hann er Skapari þeirrar kirkju sem hér um ræðir. Hinn himneski Brúðgumi skapaði Sína eigin brúði. Sem Andi Guðs kom Hann niður og skapaði í meyjunni Maríu frumur þær sem leiddu til fæðingar líkama Hans. Ég vil ítreka það ! Hann skapaði þær frumur í móðurlífi Maríu sem til þurfti í þann líkama. Það var ekki nóg fyrir Heilagan Anda að gefa einfaldlega líf í mannlegt egg, lagt til af Maríu. Þá hefði það verið syndugt mannkyn að framleiða líkama. Það hefði ekki framleitt “ hinn síðasta Adam “. Um Hann var það sagt “ **Því líkama hefur Þú (Faðir) undirbúið handa Mér.**” Guð (ekki María) lagði til þann líkama. María var hinn mannlegi meðgangari og hún bar þetta Heilaga Barn undir brjósti og færði Hann fram til fæðingar. Það var Guð-maður. Hann var Sonur Guðs. Hann var af NÝJU sköpuninni. Maður og Guð mættust, sameinuðust og sættust. Hann var fyrstur af hinu nýja mannkyni. Hann er höfuð hinnar nýju sköpunar. Kól.1:18, “ **Og Hann er höfuð líkama Síns, safnaðarins, Hann sem er upphaf hans, svo sem Frumburðurinn frá hinum dauðu. Þannig skyldi Hann verða sá sem fremstur væri í öllu** “. II.Kor.5:17, “ **Ef þannig einhver er í samfélagi við Krist, er hann ný sköpun, hið gamla varð að engu, sjá, það er orðið nýtt** “. Þar getið þið séð að þó maður væri af GÖMLU REGLUNNI eða sköpuninni, þá er hann í SAMFÉLAGI VIÐ KRIST orðinn að HINNI NÝJU SKÖPUN Guðs. Ef.2:10, “ **Því að vér erum smíð Hans, SKAPAÐIR FYRIR SAMFÉLAGIÐ VIÐ KRIST JESÚM til góðra verka, sem Guð hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau** “. Ef. 4:24, “ **og íklæðist hinum NÝJA MANNI, sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans** “. Þessi NÝJA SKÖPUN er ekki endurgerð þeirrar gömlu, því þá væri ekki hægt að tala um nýja sköpun. Þetta er nákvæmlega það sem talað er um , “ NÝ SKÖPUN “. Það er önnur sköpun, aðgreind frá þeirri gömlu. Hann er ekki lengur að fást við hætti holdsins. Þannig fékkst Hann við Ísrael. Hann útvaldi Abraham og sæði Abrahams í gegnum hina guðlegu ættarlínu Ísaks. En nú, út af hverju kyni, ættflokki, þjóð, hefur Hann ákveðið nýja sköpun. Hann er fyrstur þeirrar sköpunar. Hann var Guð skapaður í mannsmynd. Nú fyrir Anda Sinn er Hann að skapa marga Syni Sér til handa. Guð, Skaparinn, er að skapa Sér til handa hluta af sköpuninni. Þetta er sönn opinberun Guðs. Þetta var tilgangur Hans. Þessi tilgangur tók á sig mynd í gegnum útvalningu. Það er vegna þess að Hann gat litið beint niður til endatímanna, þegar allt yrði að baki og séð sjálfan Sig enn í miðri kirkjunni, sem höfund

XV.

Þessarar NÝJU SKÖPUNAR Guðs. Hans fullkomna vald færði það í framkvæmd. Með eigin úrskurði valdi Hann meðlimi þessarar nýju sköpunar. Hann útvaldi þá af náð til ættleiddra barna í samræmi við velþóknun vilja Síns. Með alvisku Sinni og almætti færði Hann þessi mál í framkvæmd. Hvernig hefði Hann með öðrum hætti vitað að Hann myndi standa í miðri kirkjunni og taka við dýrð frá bræðrum Sínum, ef Hann hefði ekki gengið úr skugga um þetta ? Alla hluti þekkti Hann, og alla hluti vann Hann í samræmi við þá reglu sem tilgangur Hans og velþóknun hafði fært fram til að verða. Ef. 1:11, “ **og í Honum höfum vér þá líka öðlast arfleifðina eins og oss var fyrirhugað samkvæmt fyrirætlun Hans, er framkvæmir allt eftir ályktun vilja Síns** “. Hallelúja ! Eruð þið ekki glöð yfir því að fá að tilheyra Honum ?

BOÐSKAPURINN TIL LAODÍKEU-ALDARINNAR

Opinberunarbókin, 3:15-19,

“ **Ég þekki verkin þín, að þú ert hvorki kaldur né heitur; betur að þú værir kaldur eða heitur. Því er það: af því að þú ert hálfvolgur, og ert hvorki heitur né kaldur, mun Ég skyrpa þér út af munni Mínun, - af því að þú segir: Ég er ríkur og er orðinn auðugur og þarfnast einskis, - og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér, að þú kaupir af Mér gull, reynt í eldinum, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði, til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. Alla þá sem Ég elska þá tyfta Ég og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun** “. Þar sem við lesum þetta saman, er ég viss um að þið hafið tekið eftir að Andinn hefur ekki sagt neinn góðan hlut um þessa öld. Hann leggur fram tvær kærur og ber fram dóm sinn yfir þeim. Op.3:15-16, “ **Ég þekki verkin þín, að þú ert hvorki kaldur né heitur; betur að þú værir kaldur eða heitur. Því er það: af því að þú ert hálfvolgur, og ert hvorki heitur né kaldur, mun Ég skyrpa þér út af munni Mínun** “. Við skulum skoða þetta mjög vandlega. Þarna segir að þessi Laodíkeu-kirkjaldarhópur sé hálfvolgur. Þessi hálfvelgja krefst refsingar frá Guði. Refsingin er sú að þeim mun verða skyrpt úr munni Hans. Hér er það atriði sem við viljum ekki misskilja, eins og svo margir gera. Þeir segja óviturlega að Guð geti skyrpt ykkur úr munni Sínum, og það sanni að það sé ekkert til sem heitir sannleikur varðandi kenningu um þolgæði hinna heilögu dýrlinga. Ég vil leiðrétta hugsun ykkar nú þegar. Þetta vers er ekki gefið einstaklingi. Það er gefið til kirkjunnar. Hann er að tala til kirkjunnar, safnaðarins. Ennfremur, ef þið viljið aðeins hafa Orðið í huga, þá munið þið minnst þess að hvergi segir í því að við séum í munni Guðs. Við erum rist í lófa Hans, við erum borin í faðmi Hans. Langt aftur í hinum óþekktu öldum, á undan öllu tímatali, vorum við í huga Hans. Við erum í sauðabyrgi Hans og á engjum Hans, en aldrei í munni Hans. Matt.4:4,”

En Hann svaraði og sagði: Ritað er: Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, heldur á sérhverju Orði, sem fram gengur af Guðs munni “. Orðið á að vera í munni okkar líka ! Nú vitum við að kirkjan er líkami Hans. Hún er hér til að taka stað Hans. Hvað mun verða í munni kirkjunnar ? ORÐIÐ !

I.Pét.4:11, “ **tali einhver, þá sé það sem Orð Guðs** “. II.Pét. 1:21, “ **Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns, heldur töluðu menn frá Guði, knúðir**

XVI.

af Heilögum anda “. Svo, hvað er eiginlega að þessu fólki hinna síðustu daga ? ÞAÐ HEFUR FALLIÐ FRÁ ORÐINU. ÞAÐ ER EKKI LENGUR ÁHUGASAMT UM FRAMGANG ÞESS. ÞAÐ ER HÁLFVOLGT Í AFSTÖÐU SINNI TIL ÞESS.

Ég ætla að sanna þá staðhæfingu þegar í stað. Baptistar hafa sínar kreddur og trúarsetningar, grundvallaðar á Orðinu og þið gætuð ekki haggð við þeim. Þeir segja að postullegir dagar kraftaverkanna séu liðnir og það sé engin skírn í Heilögum Anda eftir sem trúa má. Meþódistar segja (grundvallað á Orðinu) að það sé engin vatnsskírn (ádreifing er ekki skírn) og að sú helgun sé skírn í Heilögum Anda. Kirkja Krists fylgir að mestu endurfæðingarskírn en í allt of mörgum tilfellum fara menn niður í vatnið sem þurrir syndarar og koma upp úr því sem blautir syndarar. Samt lýsa þeir því yfir að kenning þeirra sé grundvölluð á Orðinu. Farið yfir alla línuna og komið að Hvítasunnunömmum. Hafa þeir Orðið ? Látið þá fá Orðið, reynið og sjáið. Þeir myndu selja það af hendi fyrir hugaræsinguna nánast hverju sinni. Ef þið getið framkallað fyrirbæri eins og olíu og blóð, tungutal og önnur tákni, hvort sem það er í Orðinu eða ekki, eða hvort það sé réttilega túlkað úr Orðinu, mun meirihlutinn falla fyrir því. En hvað hefur gerst með Orðið ? Orðið hefur verið sett til hliðar, svo Guð segir : **“ Ég fer í gegn yður öllum. Ég mun skyrpa yður úr munnni Mínunum. Þetta eru endalokin. Á sjö öldum af sjö hef Ég ekkert séð nema menn sem meta eigin orð frammar Mínunum. Svo við lok þessarar aldar mun Ég skyrpa yður úr munnni Mínunum. Þetta er allt til enda reynt. Ég ætla að tala allt í rétt horf. Já, Ég er hér mitt í kirkjunni. Amen Guðs, Trúr og Sannur mun opinbera sjálfan Sig og það mun verða FYRIR ATBEINA SPÁMANNS MÍNS “.**Ójá, þannig er það. Op.10:7, **“ heldur mundi þegar kæmi að rödd sjöunda boðberans og hann færi að básúna, fram koma leyndardómur Guðs , eins og Hann hafði boðað þjónum sínum, spámönnunum”.** Þarna stendur það ! Hann er að senda viðurkenndan spámann. Hann er að senda spámann eftir nærri tvö þúsund ár. Hann er að senda einhvern sem er eins langt frá skipulögðu kerfi, menntun og trúarbragðaheiminum, eins og Jóhannes skírari og Elía voru til forna, hann mun aðeins heyra frá Guði og hann mun hafa **“ Svo segir Drottinn “** og tala fyrir Guð. Hann mun verða málþípa Guðs og HANN; EINS OG SAGT ER FYRIR Í MALAKÍ 4:6 MUN SNÚA HJÖRTUM BARNANNA Á NÝ TIL FEÐRANNA. Hann mun snúa aftur hinum útvöldu hinna síðustu daga og þeir munu heyra staðfestan spámann gefa nákvæmlega fram sannleikann eins og Páll gerði. Hann mun endurreisa sannleikann eins og þeir áttu hann. Og þessir útvöldu munu verða með honum á þeim degi þeir sem sannarlega ganga fram í Drottni og verða líkami Hans og rödd Hans og framkvæma verk Hans. Hallelúja ! Sjáið þið þetta ? Augnabliks athugun á kirkjusögunni mun sanna hversu nákvæm þessi hugsun er. Á dimmu öldunum var Orðið nær alveg týnt með fólkinu. En Guð sendi Lúther með ORÐIÐ. Lútherskir tóluðu fyrir Guð á þeim tíma. En svo skipulögðu þeir sig og brátt var hið hreina Orð aftur týnt því skipulag byggir á kreddum og trúarsetningum, en ekki einföldu Orði. Þeir gátu ekki lengur talað fyrir Guð. Þá sendi Guð Wesley, og hann var röddin með Orðið um sína daga. Fólkið sem tók við opinberun hans frá Guði varð að lifandi sendibréfum sem voru lesin og þekkt af öllum mönnum þeirrar kynslóðar. Þegar Meþódistum mistókst, reisti Guð upp aðra og þannig hefur þetta gengið þangað til á þessum síðustu tímum, að aftur er annað fólk í landinu sem fyrir sendiboðann sem til

XVII.

Þess var sendur, mun verða lokaröddin til lokaaldarinnar. Já, svo sannarlega, kirkjan er ekki lengur “ málpípa “ Guðs. Hún er sín eigin málpípa. Svo Guð er að snúast gegn henni. Hann mun hafna henni í gegnum spámanninn og brúðina, því rödd Guðs mun vera í henni. Já, þannig mun það verða, því það segir í síðasta kafla Opinberunarbókarinnar, 17. versu, “ **Og Andinn og brúðurin segja: Kom Þú !** “

Enn einu sinni mun heimurinn heyra beint frá Guði, eins og á Hvítasunnu; en auðvitað mun þessari Brúði Orðsins verða hafnað eins og á fyrstu öldinni. Nú hefur Hann hrópað út til þessarar síðustu aldar, “ Þú hefur Orðið. Þú hefur fleiri Biblur en nokkru sinni hafa verið fyrir hendi, en þú ert ekki að gera neitt varðandi Orðið nema skipta því og hakka það niður í smábúta, þar sem þú tekur það sem þú vilt og skilur það eftir sem þú vilt ekki. Þú hefur engan áhuga á því að LIFA í Orðinu en vilt rökraða um það. Ég vildi fremur að þú værir heitur eða kaldur. Ef þú værir kaldur og hafnaðir því, gæti Ég þolað það. Ef þú yrðir hvítglóandi eftir því að þekkja sannleikann og lifa í honum, myndi Ég hrósa þér fyrir það. En þegar þú einfaldlega tekur Orð Mitt og heiðrar það ekki, mun Ég svara því með því að neita að heiðra þig. Ég mun skyrpa þér út því að þú veldur mér ógleði. ! “

Nú, hver og einn veit að hálfvolgt vatn gerir mann magaveikan. Ef þið viljið kasta upp, þá er hálfvolgt vatn nánast það besta sem þið getið drukkið. Hálfvolg kirkja hefur gert Guð veikan og Hann hefur lýst því yfir að Hann muni skyrpa henni út. Þetta minnir okkur á hvernig Honum leið rétt fyrir flóðið, finnst ykkur það ekki ? Það hefði verið betra að kirkjan hefði verið köld eða heit. En hún er það ekki ! Dómur hefur því gengið út. Hún er því ekki lengur rödd Guðs til heimsins. Hún mun halda því fram að hún sé það, en Guð segir að svo sé ekki. En Guð hefur enn rödd til handa þjóðum heimsins, alveg eins og Hann hefur rödd til handa brúðinni. Sú rödd er í brúðinni eins og við höfum sagt og við munum tala meira um það síðar . Op.3:17-18, “ **af því að þú segir: Ég er ríkur og er orðinn auðugur og þarfnast einskis – og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér, að þú kaupir af Mér gull, reynt í eldinum, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði, til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi**”.

Nú, lítið á fyrsta hlutann í þessari Ritningu, “ vegna þess að þú segir “ ! Sjáið, þeir voru að tala. Þeir voru að tala sem málpípa Guðs. Þetta sannar alveg það sem ég sagði um þýðingu versanna 16 og 17. En þó þeir segist vera talsmenn Guðs, þá þarf það ekki að vera rétt. Kapólska kirkjan segist tala fyrir Guð, segist vera áreiðanleg rödd Guðs. Hvernig menn geta verið svona andlega ruglaðir er meira en ég get skilið, en þeir koma fram í samræmi við sæðið sem í þeim er og við vitum hvaðan það sæði kemur, er það ekki ? Laodíkeu-kirkjan er að segja: “ Ég er rík og efnu hlaðin, ég þarfnast einskis “.

En það var hennar eigið mat. Hún leit á sjálfa sig og þetta var það sem hún sá. Hún sagði : “ Ég er rík “ sem þýðir að hún er auðug af veraldlegum efnu. Hún hreykir sér upp þvert á það sem stendur í Jakobsbréfi 2:5-7, “ **Heyrið, bræður mínir elskaðir, hefur Guð ekki útvalið hina fátæku fyrir heiminum, til þess að þeir verði auðugir í trú og erfingjar þess ríkis, er Hann hefur heitið þeim sem elska Hann ? En þér hafið óvirt hinn fátæka. Eru það þó ekki hinir ríku, sem undiroka yður og draga fyrir dómstóla? Eru það ekki þeir sem lastmæla hinu verðuga Nafni sem nefnt var yfir yður ? “.** Nú, ég er EKKI að halda því fram, að rík manneskja geti ekki verið andleg, en

XVIII.

við vitum öll að Orðið segir að þess séu fá dæmi, það eru hinir fátæku sem eru yfirgnæfandi í meðlimatölu hinnar sönnu kirkju. Nú en, ef kirkjan verður stórauðug, þá vitum við aðeins eitt; “Ichabod” hefur verið ritað yfir skrauthliðum hennar. (Skýring á “Ichabod”, I.Sam.4:24, “Hvar er dýrðin”, “Horfin er vegsemdin”) Þið getið ekki neitað því, því það er Orðið sem segir það.

Það er talað um auðæfi í kirkjunni – hversvegna aldrei fyrr hafi verið þar slík sýning á ríkidæmi. Hinir fögru helgistaðir eru margfalt fleiri en nokkru sinni áður. Hinir ýmsu hópar eru í keppni sín á milli að sýna hver geti byggt stærst og fallegast. Og þeir byggja uppeldisstofnanir sem kosta ótaldar milljónir og þessar byggingar eru aðeins notaðar í eina til tvær stundir í viku. Nú, en það væri ekki svo hræðilegt, en þeir ætlast til að þessi smátími sem börnin eyða á uppeldisstofnuninni komi í staðinn fyrir þá uppeldiskennslu sem gert var ráð fyrir að gefin væri heima fyrir. Peningar hafa streymt inn í kirkjuna, með þeim afleiðingum að hinir ýmsu söfnuðir eiga hlutabréf og skuldabréf, verksmiðjur, olíubrunna og tryggingarfélag. Þeir hafa hellt peningum í velferðar og eftirlaunasjóði.

Nú, þetta virðist hljóma ágætlega, en þetta hefur orðið að snöru fyrir prestana, því ef þeir ákveða að hverfa frá sínum hóp til að öðlast meira ljós eða meiri kærleika Guðs, þá missa þeir eftirlaunin! Flestir þeirra standast þetta ekki og eru kyrrir innan sinna þrýstihópa.

Nú, gleymið því ekki að þetta er síðasta öldin. Við vitum að þetta eru síðustu tímar því Ísrael er aftur kominn til Palestínu. Ef við trúum því í raun að Hann sé að koma, þá hlýtur eitthvað meira en lítið að vera að þeim sem byggja svo gríðarlega mikið. Það fær mann til að hugsa, að þetta fólk sé með þá ætlun að dvelja hér um alla framtíð, eða að það séu hundruðir ára í endurkomu Krists! Vitið þið að trúarbrögð í dag eru þekkt sem stórvíðskipti (“big business”)? Það er klár staðreynd, að þeir eru að ráða fjármálastjóra inn í kirkjurnar til að sjá um peningamálin.

Er það samkvæmt vilja Guðs? Kennir ekki Orð Hans okkur í Postulasögunni, að sjö menn, fullir af Heilögum Anda og trú þjónuðu Drottni í viðskiptamálunum? Þið getið vissulega séð hversvegna Guð sagði: “Þú segir að þú sért auðug, Ég hef aldrei sagt það! Það eru útvarpsstöðvar, sjónvarpsdagskrár og margvíslegar kirkjulegar uppákomur sem kosta milljónir og aftur milljónir dala. Auðurinn flæðir og flæðir án afláts inn í kirkjuna, meðlimatalan hækkar í samræmi við ríkidæmið, en samt er starfið ekki unnið eins og það var unnið meðan engir peningar voru til og menn hvíldu alfarið í þeim úrræðum sem þeim voru gefin af Heilögum Anda.

Það eru launaðir prédikarar, launaðir aðstoðarmenn, launaðir tilsjónarmenn tónlistar og uppfræðslu, launaðir kórar, launaðir húsverðir, dagskrár og skemmtanir – allt kostar þetta óheyrilega fjármuni, en þrátt fyrir allt þetta, er krafturinn ekki þarna. Guð lætur til sín taka fyrir Anda Sinn en ekki fyrir fjárupphæðir eða hæfileikafólk í kirkjunni.

Nú langar mig til að sýna ykkur hve djöfulleg þessi ásókn í peninga hefur orðið. Kirkjurnar hafa lagt allt í það að auka meðlimatöluna, einkum sóst eftir efnuðu fólki. Alls staðar er hrópað á það að gera trúarbrögðin svo aðlaðandi og ásættanleg, að hinir ríku og menntuðu og allir þeir sem hafa veraldleg metorð, geti gengið inn og orðið virkir í kirkjunni. Geta þeir ekki skilið að ef auðurinn væri mælikvarði á andlegleika, þá hefði heimurinn þegar Guð, Guð allan, og kirkjan hefði ekkert?

XIX.

“Þú segir, ég er efnum hlaðin “. Þetta þýðir bókstaflega “ Ég hef Andleg auðæfi “, þetta hljómar eins og þúsundára ríkið með gullstrætum og Guðs nærveru. En ég yrði undrandi ef svo væri. Er kirkjan sannanlega rík í Andlegum gjöfum Guðs ? Rannsökum þetta 20.aldar Laodíkeu-stærilæti í ljósi Orðsins. Ef kirkjan væri raunverulega Andlega rík, myndu áhrif hennar greinast og finnast í þjóðfélagslífinu. En í nákvæmlega hvaða lífsstíl lifa þessir svokölluðu andlegu og áhrifaríku menn þjóðfélagsins ? Í úthverfunum, í hverfum yfirstéttarinnar, þar skipta menn stöðugt um eiginkonur, þar er vændi og unglingar halda geggjuð partí, sem leiða til hræðilegrar eyðileggingar á eignum. Siðleysi hefur náð algjörum hápunkti með allskyns kynlífsframferði, svæfandi hneigðum, fjárhættuspili, þjófnæði og allrahandu illum gjörðum. Og kirkjan heldur áfram að tala um hversu frábær þessi kynslóð sé, hve fullar kirkjurnar séu og hversu móttækilegir hinir innfæddu séu á trúboðsökrunum. Kirkjan hefur snúið fólkinu til læknanna, sérstaklega geðlæknanna. Hvernig hún getur hrósað sér af því að vera Andlega rík er meira en ég fæ skilið. Það er einfaldlega ekki rétt. Þeir eru gjaldþrota og vita það ekki.

Lítið vel í kringum ykkur ! Takið eftir fólkinu sem framhjá fer. Sjáið þið í fjöldanum einhverja sem bera það með sér að vera kristnir ? Sjáið hvernig fólkið klæðist, fylgist með hegðun þess, heyrið hvað það segir, sjáið hvert það fer !

Vissulega ættu að vera einhverjar raunverulegar sannanir fyrir hinni nýju fæðingu meðal allra þeirra sem við sjáum ganga hjá. En fáir bera henni vitni. Samt eru undirstöðu-kirkjurnar að segja okkur að þær hafi milljónir frelsaðra meðlima og jafnvel fyllta Andanum. Fyllta Andanum ? Getið þið kallað konur fylltar Andanum sem ganga um með liðað, stuttklippt hár, stuttklæddar, kærulausar, áttavilltar og iðjulausar, allar málaðar eins og Jessabel ?

Ef slíkar eru til þýði hvað framgöngu snertir sem kristnar konur, þá myndi ég hata að hugsa um hvernig það myndi vera, ef ég yrði að vera vitni að því hvernig ókurteisi væri sett fram. Nú veit ég að konurnar leggja ekki línurnar. Hollywood gerir það. En hlustið konur, þeir selja garnefni og saumavélar. Þið þurfið ekki að kaupa það sem er í búðunum og nota það sem afsökun. Þetta er dauðans alvörumál sem ég er að koma inn á. Hafið þið ekki lesið í Ritningunni að þegar maður lítur á konu og girnist hana í hjarta sínu, hefur hann þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu ? Og gerum ráð fyrir að þið klæðið ykkur með þeim hætti að það orsaki þau viðbrögð ? Það gerir ykkur að félagi hans í synd, jafnvel þótt þið séuð alveg óviðbúnar slíku, séuð hreinar meyjar, lausar við slíkar hneigðir. Samt mun Guð telja ykkur ábyrgar og þið verðið dæmdar eftir því.

Nú veit ég það, konur, að ykkur líkar ekki við svona prédikanir, en systir, þið eruð á kolröngum vegi í verkum ykkar. Biblían bannar ykkur að klippa hár ykkar. Guð gaf það sem blæju. Hann gaf ykkur fyrirmæli um að hafa það sítt. Það er ykkur til heiðurs. Þegar þið klipptuð hár ykkar auglýstuð þið með þeim verknaði að þið hefðuð afneitað forræði eiginmanns ykkar. Eins og Eva genguð þið út og fóruð að eigin geðþóttu. Þið fenguð atkvæðisréttinn. Þið genguð í störf karlanna. Þið hættuð að vera konur !

Þið ættuð að iðrast og snúa aftur til Guðs. Og ef allt þetta væri ekki nógu slæmt, þá fékk stór hluti ykkar þá hugmynd að þið gætuð gert innrás í prédikunarstólinn og kirkjustjórnina sem Guð ætlaði karlmönnum og aðeins karlmönnum. Ó, kom ég við sáran blett þarna, var það ekki ? Nú, sýnið mér einn stað í Biblíunni þar sem Guð vígði konu til prédikunarstarfa eða til að taka forræði yfir karlmanni, og ég skal biðjast afsökunar á því

XX.

sem ég hef sagt. Þið getið ekki fundið að ég hafi á röngu að standa. Ég hef á réttu að standa, því ég stend með Orðinu og á Orðinu. Ef þið væruð Andlega rík mynduð þið vita að það er rétt. Það er ekkert sannleikur nema Orðið.

Páll sagði: **“ en ekki leyfi ég konu að kenna eða taka sér vald yfir mannum ”** (sbr. I.Tím.2:12). Þið getið enganveginn tekið stöðu meðal fimmfaldrar trúboðsskipunar 4.kafans í Efesusbréfinu, án þess að taka forræði yfir karlmönnum. Systir, þér væri betra að hlusta á það Orð. Það var ekki Andi Guðs framkallaður í Andans fylltu lífi sem sagði þér að prédika, vegna þess að Andinn og Orðið eru EITT. Þau segja það sama.

Einhver gerði mistök. Einhver var blekkur. Vaknið upp áður en það er of seint. Satan blekkti Evu, móður ykkar, hann er að blekkja dæturnar núna. Guð hjálpi ykkur !

“ Ég þarfnast einskis “, Nú, þegar einhver segir: “ Ég þarfnast einskis “, gæti hann alveg eins verið að segja: “ Ég hef allt “, eða hann gæti verið að segja: “ Ég þarf ekki neitt meira, þar sem ég hef nóg núna “. Þið getið túlkað þetta með þeim hætti sem þið viljið og það mun mæta þeirri niðurstöðu að kirkjan sé ánægð með sjálfa sig. Hún er ánægð með það sem hún hefur. Hún telur annaðhvort að hún hafi ráð á öllu eða hafi nóg fyrir sig.

Og þetta er einmitt sú staða sem blasir við í dag. Hvaða söfnuður er ekki að lýsa því yfir að HANN hafi opinberunina og kraftinn og sannleikann ? Hlustið á Baptista og þeir hafa þetta allt. Hlustið á kirkju Krists og allir hafa á röngu að standa nema hún. Heyrið hvað Hvítasunnumenn segja og þeir eiga fyllingu fyllingarinnar. Nú, þeir vita að ég er að segja sannleikann um þá, því ekki ein einasta af handbókum þeirra segir annað.

Þeir skrifuðu það allt og útfærðu svo fallega og settu nöfn sín við það og luku til fulls við það. Guð á bara ekki meira til ! Og þarna eru þeir sem hreint út sagt vilja ekki meira. Þeir trúa ekki á lækningu og myndu ekki vilja hana, jafnvel þótt það sé í Orðinu. Og þeir eru líka til sem myndu ekki taka við Heilögum Anda þó Guð opnaði himnana og sýndi þeim tákn. Nú eru þeir allir að segja og að reyna að sanna að þeir hafi þetta allt eða hafi nóg af því, en er það sannleikurinn ? Berið saman þessa 20. aldar kirkju við kirkju fyrstu aldarinnar. Haldið áfram. Gerið það. Hvar er krafturinn ? Hvar er kærleikurinn ? Hvar er hin hreinsaða kirkja sem stóð í gegn synd og gekk í trú til móts við Jesú ? Hvar er einingin ? Þið getið ekki fundið hana. Ef þessi kirkja hefur allt sem hún þarfnast, hversvegna voru þeir þá að hrópa eftir meiru af Guði í Postulasögunni, eins og þeir hefðu það ekki allt, og samt höfðu þeir miklu meira en kirkjurnar hafa í dag ?

SJÚKDÓMSGREINING GUÐS

Nú, það sem Guð sá var algjörlega í mótsetningu við það sem þeir sögðust sjá. Þeir sögðu að þeir væru ríkir að efnum og Andlega auðugir. Þeir hefðu náð markinu. Þeir þörfuðust einskis. En Guð sá þetta með öðrum hætti. Hann sagði: Þú veist það ekki, en þú ert vesalingur, aumingi, fátækur, blindur og nakinn “ Nú, þegar fólk er með þessum hætti, sérstaklega þegar það er nakið og VEIT EKKI AF ÞVÍ, þá hlýtur eitthvað meira en lítið að vera að. Vissulega hlýtur eitthvað að vera að gerast. Er það ekki svo að Guð hafi blindað augu þeirra eins og Hann gerði með Gyðingana ? Er Guðspjallið að fara aftur til Gyðinganna ? Er sagan að endurtaka sig ? Ég segi að svo sé .

XXI.

Guð segir að þessi kirkja Laodíkeu-aldarinnar sé “ vesæl “. Það orð kemur frá tveimur grískum orðum sem þýða “ þola “ og “ reynsla “. Og það hefur ekkert að gera með þær reynslur sem koma yfir sannan kristinn mann, því Guð lýsir kristnum manni í reynslu sem blessuðum og viðhorf hans sé viðhorf fagnaðar, þar sem aftur á móti þessi lýsing er gefin sem “ aumur og vesæll” .Hve undarlegt ! Hvernig geta reynslur verið því samfara að lifa á þessum allsnægtatímum, þessari framfaraöld, þessu uppfyllingarskeiði ?

Nú, það er nú það. Það er einkennilegt; en á þessum tíma allsnægta og tækifæra, þegar allir hafa svo mikið og það er miklu meira að hafa, hvað um allar uppgötvanirnar sem létta okkur störfín og svo margt annað til skemmtunar og afþreyingar, en SKYNDILEGA finnum við sálarlegan sjúkdóm taka slíkan toll að það ætti að gefa hættumerki til þjóðarinnar. Þegar allir ættu að vera ánægðir og ekkert sýnist vera óánægjuefni, þá eru milljónir á róandi lyfjum um nætur, örvunarlyfjum á morgnana, hlaupandi til lækna, leitandi til stofnana og að reyna að drekkja framandi ótta í alkóhóli. Já, þessi öld hreykir sér af gífurlegum, veraldlegum gæðum, en mannfólkið er vansælla en nokkru sinni. Þessi öld hreykir sér af andlegum hæfileikum, en fólkið er óvissara um sjálft sig en það hefur nokkru sinni verið. Þessi öld hreykir sér af betri siðagildum, en er spilltari en nokkur öld frá tímum flóðsins. Hún gumar af þekkingu sinni og vísindum, en er að heyja tapaða orustu á öllum vígstöðvum, því mannlegur hugur og sál og andi getur ekki skilið eða náð tökum á öllum breytingunum sem ganga yfir jörðina. Á einni kynslóð höfum við farið alla leiðina frá hestvagnaöldinni yfir í geimöldina, og við erum stolt og hreykin af því, en hið innra er dimmur, tómur hellir sem hrópar í kvöl, og ÁN ÞEKKTRAR ÁSTÆÐU eru hjörtu manna að breyta vegna ótta og heimurinn er svo myrkur orðinn að þessi öld gæti sem best heitið “ öld taugasjúklinga “. Hún hreykir sér, en hún ræður ekki við ástandið. Hún hrópar, friður, en það er enginn friður. Hún hrópar, að hún eigi gnótt allra hluta, en hún heldur áfram að brenna af löngun, eins og ófullnægður eldur ! “ Það er enginn friður “ sagði Guð minn við hina óguðlegu.

“ Þeir eru vesælir “. Það þýðir að það sé ástæða til að aumkva þá. Aumkva þá ? Þeir fyrir líta meðaumkvun. Þeir eru fullir hroka. Þeir stæra sig af því sem þeir hafa. En það sem þeir hafa mun ekki standast próf tímans. Þeir hafa byggt á kvíksandi fremur en kletti opinberunar Guðs Orðs. Brátt dynur jarðskjálftinn yfir. Brátt koma stormar ofsareiði Guðs í dóminum. Þá kemur skyndileg tortíming og þrátt fyrir allan holdlegan undirbúning munu þeir ennþá vera óundirbúnir gagnvart því sem koma mun yfir jörðina.

Þeir eru þeir sem þrátt fyrir alla heimslega áreynslu sína eru í raun sjálfum sér andstæðir og vita það ekki. Aumkvunarverðir eru þeir sannarlega. Aumkvið það vesalings fólk sem er í þessari síðustu daga alkirkju-hreyfingu, því þeir kalla hana hreyfingu Guðs, þegar hún er hreyfing Satans. Aumkvið þá sem bera ekki skyn á bölvun skipulagsins.

Aumkvið þá sem eiga svo margar, fagarar kirkjur, svo yndisleg prestssetur, svo stórkostlega og þrautþjálfaða kóra, svo mikla sýningu auðs og svo stillta og lotningarfulla formfestu í tilbeiðslu. Aumkvið þá, öfundið þá ekki. Snúum til baka til gömlu geymsluhúsanna, til baka til dauflystra sala, til baka til kjallaranna, til baka til minna af heiminum og meira af Guði. Aumkvið þá sem gera sínar miklu kröfur og tala um hæfileika sína. Finnið til með þeim sem aumkvunarverðum, því brátt munu þeir verða fyrir mikilli reiði.

XXII.

“ þeir eru fátækir “. Nú, auðvitað þýðir þetta að vera Andlega fátækir.

Merki þessarar aldar við lokin, eru stærri og stærri kirkjur með fleira og fleira af fólki, með meiri og meiri auglýsingu á því sem ætlað er að sé viðurkenning Heilags Anda.

En hin hlöðnu ölturu, gjafir Andans í framkvæmd, hin eftirtektarverða aðsókn, er ekki svarið frá Guði, því þeir sem koma fram að ölturunum dvelja mjög sjaldan í því að halda áfram með Guði, og eftir að hinar miklu trúboðs-samkomur eru að baki, hvar eru þá allir þeir sem komu niður gangvegina ? Þeir heyrðu í manni, þeir hlustuðu á tilboð, þeir komu í netið, en þeir voru ekki fiskar og eins og skjaldbökur skriðu þeir til baka í sitt eigið vatn. Og svo er það allt þetta tal um tungutal (glossolalia) – því er ætlað að vera sönnun fyrir Skírn Heilags Anda, og fólk hugsar með sér að það sé mitt í stórrí vakningu.

En vakningin er að baki. Ameríka fékk sitt síðasta tækifæri árið 1957. Nú eru tungurnar tákn Guðs um yfirvofandi ógæfu alveg eins og þær voru þegar þær birtust uppi á veggnum í veislu Belshazzars. Vitið þið ekki að margir munu koma á hinum síðustu dögum og segja: “ **Drottinn, Drottinn, höfum vér ekki spáð með Þínu Nafni, og höfum vér ekki rekið út illa anda með Þínu Nafni ? Og Hann mun segja: Víkið frá Mér, þér sem fremjið lögmálsbrot, aldrei þekkti Ég yður**”. Matt.7:22-23.

Jesús sagði að þeir væru misgerðamenn. Samt fáið þið mann sem getur komið og beðið fyrir sjúkum, fengið olíu og blóð til að birtast í söfnuðinum, spádóma koma fram og öll merki hins yfirnáttúrulega, og fólkið mun þyrpast um hann, og leggja eið út á að hann sé frá Drottni, jafnvel þótt hann sé í raun að gera sér peninga úr trúnni og lifi í synd.

Eina svarið sem þeir hafa er hið algjörlega óbíbílulega svar : “ Nú, hann nær árangri, svo hann hlýtur að vera frá Guði “. Hversu ógnvekjandi ! Hve ægilega snauð er þessi öld af Anda Guðs, og þeir sem eru svo allslausir vita jafnvel ekki hvernig ástand þeirra er.

“ Þú ert blindur og nakinn “. Nú, þetta er alveg örvæntingarfullt. Hvernig getur einhver verið blindur og nakinn án þess að vita það ? Samt segir þetta að þeir séu blindir og naktir án þess að þeir verði varir við það. Svarið er, þeir eru andlega blindir og andlega naktir.

Munið þið þegar Elísa og Gehasí voru umkringdir her Sírlendinga ? Þið munið að Elísa blindaði þá með krafti Guðs. Samt voru augu þeirra galopin og þeir gátu séð hvert þeir voru að fara. Blindan var sérkennileg að því leyti að þeir gátu séð vissa hluti, en aðra vissa hluti, eins og Elísa og Þjóninn og herbúðir Ísraels gátu þei ekki séð. Það sem þessi her gat séð, kom honum ekki að neinu gagni. Það sem þeir gátu ekki séð, leiddi til hertöku þeirra. Nú, hvað segir þetta okkur ? Það þýðir nákvæmlega það sama og það þýddi í jarðneskri Þjónustu Jesú. Hann reyndi að kenna þeim sannleikann, en þeir vildu ekki hlusta. Jóh. 9:40-41, “ **Þetta heyrðu þeir af Faríseunum, sem hjá Honum voru, og sögðu við Hann: Hvort erum vér þá líka blindir ? Jesús sagði við þá : Ef þér væruð blindir, væri ekki um synd að ræða hjá yður, en nú segið þér: Vér erum sjáandi. Synd yðar helst við “.**

Viðhorf þessarar aldar er nákvæmlega það sama og það var þá. Menn hafa þetta allt. Þeir vita þetta allt. Það er ekki hægt að kenna þeim. Ef sannleikskorn úr Orðinu kemur fram og maður reynir að útskýra skoðun sína fyrir öðrum sem er á andstæðri skoðun, þá er hlustandinn alls ekki að hlusta svo hann geti lært, hann hlustar aðeins til að hrekja það sem sagt er. Nú, ég vil spyrja heiðarlegrar spurningar: Getur Ritningin strítt við Ritninguna ? Er Biblían í mótsögn við Biblíuna ? Geta verið tvær kenningar sannleikans í Orðinu sem stangast hvor á við aðra ? NEI, ÞAÐ GETUR EKKI VERIÐ !

XXIII.

Samt – hve margt af fólki Guðs hefur augu sín opin fyrir þeim sannleika ? Ekki einu sinni 1%, eftir því sem ég best veit, hefur lært að ÖLL RITNINGIN er gefin af Guði og hún er ÖLL gagnleg varðandi kenningu, áminningu, leiðréttingar o.s.frv.

Ef öll Ritningin er þannig gefin, þá hlýtur sérhverft vers að falla við annað, ef því er veitt færi til þess. En hversu margir trúá náðarútvalningu við kjör og útskúfun til tortímingar ? Þeir sem gera það ekki, munu þeir hlusta ? Nei, þeir munu ekki gera það. Samt er þetta hvorttveggja í Orðinu og ekkert fær breytt því. En að læra um það og samræma sannleik þessara kenninga við önnur sannindi sem virðast andstæð, til þess vilja þeir ekki taka sér tíma. En þeir loka eyrum sínum og gnísta tönnum og fara á mis við hlutina.

Við lok þessarar aldar mun spámaður koma fram, en þeir munu verða blindir fyrir öllu sem hann gerir og segir. Þeir eru svo vissir um að hafa rétt fyrir sér og í blindni sinni munu þeir tapa af því öllu. Nú, Guð segir að þeir séu naktir sem og blindir. Ég get ekki ímyndað mér neitt eins sorglegt og mann sem er blindur og nakinn og veit ekki af því.

Það er aðeins eitt svar – hann er ráðvilltur, utan við sig. Hann er þegar sokkinn í gleymsku. Hæfileikar hans eru farnir, andlegt minnistap komið í staðinn. Hvað getur það þýtt annað ? Getur það þýtt að Heilagur Andi hafi kvatt þessa kirkju hinna síðustu daga ? Getur það verið að menn hafi sett Guð út úr huga sér í þeim mæli, að það sé að gerast einmitt eins og sagt er í Rómverjabréfinu, 1:28, “ **Og eins og þeir hirtu ekki um að varðveita þekkinguna á Guði, ofurseldi Guð þá ósæmilegu hugarfari, svo að þeir gjörðu það sem ekki er tilhlýðilegt** “. Það virðist sannarlega birtast þannig að því um líkt hafi átt sér stað. Hér er fólk sem segir að það heyri Guði til, þekki Guð og hafi Hans Heilaga Anda, en samt er það nakið og blint og veit ekki af því. Það er ÞEGAR AFVEGALEITT. ÞAÐ HEFUR RANGAN ANDA. HINIR ÚTVÖLDU VERÐA EKKI BLEKKTIR, EN ÞAÐ ER AUGLJÓST AÐ ÞETTA FÓLK ER ÞAÐ.

Þetta eru þeir sem hafa orðið blindir vegna þess að þeir höfnuðu Orði Guðs. Þetta eru þeir sem hafa sjálfir valdið nekt sinni með því að yfirgefa forsjá Guðs og vernd og leitast við að byggja sinn eigin hjálpræðisveg, sinn eigin Babelsturn með skipulagi.

Ó, hversu dásamlega og fagurlega klæddir birtast þeir, í eigin augum, þar sem þeir mynda allsherjar-samkomur sínar og ráðstefnur o.s.frv. En nú er Guð að þyrlla öllum þessum umbúðum burt og þeir eru naktir, því þessi skipulagning hefur aðeins orðið til þess að leiða þá inn í herbúðir andkristis, inn á akur illgresisins, þegar komið er að bindingu þess og brennslu. Aumkvunarverðir eru þeir með sanni. Já, aumkvið þá, varið þá við, grátbænið þá, og samt fara þeir sína leið, beint út í tortíminguna, ofsareiðir snúast þeir við sérhverri tilraun sem gerð er þeim til bjargar, eins og bröndum úr báli dregnum.

Vesælir eru þeir sannarlega, en samt vita þeir það ekki. Tilfinningalausir, harðir og handan vonar, sjá þeir heiður sinn og æru í því sem er í raun skömm þeirra.

Óhlýðnir og ögrandi gagnvart Orðinu, og þó verða þeir dag einn dæmdir af því og greiða gjaldið vegna hræðilegrar ákæru þess.

LOKA RÁÐGJÖF ALDANNA

Op.3:18-19,” Ég ræð þér, að þú kaupir af Mér gull, reynt í eldinum, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði, til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. Alla þá sem Ég elska, þá tyfta Ég og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun”.

Ráðgjöf Guðs er gagnorð. Hún hittir beint í mark. Hann leiðir þessa kirkju síðustu daga að einni von. Sú von er Hann sjálfur. Hann segir : “ **Komið til Mín og kaupið** “. Það er augljóst af þessum orðum “ **kaupið af Mér** “ að *Laodíkeu-kirkjan er alls ekki í sambandi við Jesú hvað Andlega framleiðslu Guðsríkisins snertir*. Gjörðir þeirra geta ekki verið Andlegar. Þeir geta haldið að þeir séu Andlegir, en hvernig geta þeir verið það ?

Kjarni verka þeirra er greinilega ekki eins og Páll mundi segja, “ **því að það er Guð sem verkar í yður bæði að vilja og framkvæma sér til velþóknunar**”, Fil.2:13.

En hvað um allar þessar kirkjur, skóla, sjúkrahús, trúboðs-uppátæki o.s.frv ? Guð er ekki í því svo lengi sem það er trúarbragðaflokks-sæði og andi en ekki Sæði og Andi Guðs.

“ **Keyptu af Mér gull reynt í eldinum, svo þú verðir auðugur** “. Nú, þetta fólk átti gnægð af gulli, en það var af rangri gerð. Það var þetta gull sem kaupir líf manna og tortímir þeim. Það var gullið sem afskræmir og ruglar mannlega persónuleika, því elska þess var rótin að öllu illu. Op.18:1-14, “ **Eftir þetta sá ég annan engil stíga ofan af himni og hafði hann mikið vald, og jörðin ljómaði af dýrð hans. Og hann hrópaði með sterkri röddu og sagði: Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla, og orðin að djöfla heimkynni, og fangelsi alls konar óhreinna anda, og fangelsi alls konar óhreinna og viðbjóðslegra fugla, af því að hún hefur byrjað öllum þjóðum af reiði-víni saurlifnaðar síns, og konungar jarðarinnar drýgðu saurlifnað með henni, og kaupmenn jarðarinnar auðguðust af gnóttum munaðar hennar. Og ég heyrði aðra rödd af himni, sem sagði: Gangið út, Mitt fólk, gangið út úr henni, svo að þér eigið engan hlut í syndum hennar, og svo að þér hreppið ekki plágur hennar; því að syndir hennar hlóðust allt upp til himins, og Guð minntist ranglætis hennar. Gjaldið henni eins og hún hefur goldið, og tvígjaldið henni tvöfalt eftir verkum hennar; byrlið henni tvöfalt í bikarinn sem hún hefur byrjað. Svo mjög sem hún ofmetnaðist og lifði í munaði, svo mjög skuluð þér henni baka kvöl og sorg; því að hún segir í sínu hjarta: Ég sit og er drottning, og er eigi ekkja, og fæ alls ekki sorg að sjá. Fyrir því munu plágur hennar koma á einum degi; dauði og sorg og hungur, og í eldi mun hún verða uppbrennd, því að máttugur er Drottinn Guð, sem hana dæmdi. Og gráta munu og kveina yfir henni konungar jarðarinnar sem með henni drýgðu saurlifnað og lifðu í munaði, er þeir sjá reykin af brennu hennar, er þeir standa langt frá af ótta fyrir kvöl hennar og segja: Vei, vei, borgin hin mikla, Babýlon, borgin volduga, því að á einni stundu kom dómur þinn. Og kaupmenn jarðarinnar gráta og harma yfir henni, því að enginn kaupir nú framur vörur þeirra, vörur af gulli og silfri og gimsteinum og perlum, og dýru líni og purpura og silki og skarlati, og alls konar áhöld af hinum dýrasta viði og af eiri og járn og marmara, og kanelbörk og balsam og ilmjurtir og smyrsl, og reykelsi og vín og olíu og fínt mjöl, og hveiti og eyki og sauði, og hesta og vagna og man og mannasálir. Og ávöxturinn sem sála þín girnist,**

hefur frá þér vikið, og allt hið feita og hið skínandi er þér horfið, og eigi munu menn frammar örmul af því finna. “ Þetta eru nákvæmlega hinar skipulögðu kirkjur síðustu daga, því það segir í 4. versu, “ **Komið út úr henni, MITT FÓLK.**” Burthrifningin hefur ekki enn átt sér stað. Brúðurin er ekki enn farin þegar þessar hræðilegu aðstæður ráða í þessari ríku en fölsku kirkju. En það er til gull hjá Guði, I.Pét.1:7, “ **til þess að trúarstaðfesta yðar, langt um dýrmætari en forgengilegt gull** “. Gull Guðs er Kristlíkur persónuleiki, fæddur fram úr eldsofni písla og þrauta. Þar birtist hið rétta og sanna gull. En hverskonar gull hefur kirkjan að geyma í dag ? Hún á ekkert nema heimslegt gull sem verða mun að engu. Hún er rík. Hún er ánægð með sig. Hún hefur gert ríkidæmi að megin-mælikvarða andlegleika. Sönnunin fyrir blessun Guðs og réttmæti kenningarinnar o.s.frv. er nú grundvölluð á því hve margt auðugt fólk kemur til liðs við kirkjuna. “ **Þér væri betra að koma áður en það er orðið of seint** “, sagði Drottinn, “ **og kaupa af Mér gull reynt í eldinum og þá munt þú með réttu verða auðugur** “. Erum við að taka við því ? Hlustið á mig ! “ Nakin (líkamlega) komum við inn í heiminn, en nakin (Andlega) munum við EKKI fara úr honum. Ó, nei, við tökum nefnilega dálítið með okkur. Hvað það er, er ALLT sem við getum tekið með okkur, hvorki meira né minna. Svo það er betra fyrir okkur að vera virkilega gætin með að sjá til með það að við tökum eitthvað með okkur sem mun réttlæta okkur frammi fyrir Guði. Svo, hvað munum við taka með okkur ? Við munum taka með okkur PERSÓNULEIKA okkar, bróðir, hann er það sem við tökum með okkur. Nú, hverskonar persónuleika eða lyndiseinkunn takið þið með ykkur ? Mun það vera í líkingu við persónuleika HANS sem mótaður var í þjáningunni í eldsofni píslanna, eða verður það þróttleysi hins persónuleikalaus Laodíkeu-fólks ? Það er mál hvers og eins, því á þeim degi mun sérhver maður bera sína eigin byrði. Nú, ég sagði að borgin Laodíkea hefði verið auðug borg. Hún mótaði gullpeninga með áletrunum á báðum hliðum. Gullpeningar voru einkenni aldarinnar – blómleg verslun var til staðar vegna þess. Í dag er tvíhöfða gullpeningurinn á meðal okkar. Við kaupum okkur út og við kaupum okkur inn. Í kirkjunni reynum við að gera það sama. Við kaupum okkur út úr synd og kaupum okkur inn í himininn – eða svo segjum við. En Guð segir það ekki !

Kirkjan á svo undraverð auðæfi, að hvenær sem er gæti hún yfirtekið allt viðskiptakerfi heimsins, og raunar hefur forvígismaður í Heimskirkjuráðinu opinberlega spáð því að kirkjan í fyrirsjáanlegri framtíð gæti og ætti að gera það og muni einmitt gera það.

En hinn gullni Babelsturn þeirra mun falla. Aðeins gull reynt í eldinum mun standast !

Og það er það sem kirkjan hefur stöðugt gert í gegnum aldirnar. Hún hefur yfirgefið Orð Guðs og tekið framyfir það sínar eigin kreddur og kenningar, hún hefur skipulagt sig og samsamað sig heiminum. Þannig er hún nakin og Guð er að dæma saurlífi hennar.

Eina leið hennar út úr þessu hræðilega ástandi er að hlýða Guði með því að snúa aftur til Orðs Hans, Op.18:4, “ **Komið út úr henni, Mitt fólk**”. II.Kor.6:14-18, “ **Gangið ekki undir ósamkynja ok með vantrúuðum; því að hvað er sameiginlegt með réttlæti og ranglæti ? Eða hvaða samfélag hefur ljós við myrkur ? Og hver er samhljóðan Krists við Belíal ? Eða hver hlutdeild er trúuðum með vantrúuðum ? Og hvað á musteri Guðs við skurðgoð saman að sælda ? Því að vér erum musteri lifanda Guðs, eins og Guð hefur sagt: Ég mun búa hjá þeim og ganga um meðal þeirra, og Ég mun vera Guð þeirra og þeir munu vera lýður Minn. Þess vegna, farið burt frá þeim, og**

skiljið yður frá þeim, segir Drottinn, og snertið ekki neitt óhreint, og Ég mun taka yður að mér, og Ég mun vera yður Faðir, og þér munuð vera Mér synir og dætur, segir Drottinn Alvaldur”. Það þarf að greiða gjald fyrir þessi klæði og það er gjald aðgreiningar.

“ **Og smyrðu augu þín með smyrslum til þess að þú getir séð**”. Hann segir ekki að þið verðið að kaupa þessi augnasmyrslu . Ó, nei, það er enginn verðmiði á Heilögum Anda.

“ **Öðluðust þér Andann fyrir lögmálsverk ? eða fyrir boðun trúar ?** “ Gal. 3:2.

Án Skírnar Heilags Anda getið þið aldrei haft augu ykkar opin fyrir sannri, Andlegri opinberun Orðsins. Maður án Andans er blindur gagnvart Guði og sannleika Hans.

Þegar ég hugsa um þessi augnasmyrslu sem opna augu fólks, get ég ekki annað en minnst þess þegar ég var lítil drengur í Kentucky. Ég svaf ásamt bróður mínum á háaloftinu á strádýnu. Rifur og sprungur á húsinu ollu því að þar blés í gegn. Að vetrarlagi varð stundum svo kalt að við vöknuðum á morgnana með slíkan kulda í augunum, að þau voru bólgin og harðlokuð. Við hrópuðum á mömmu og hún kom upp með heita bjarnarfeiti og nuddaði henni á augu okkar þar til harða efnið var farið og þá gátum við séð.

Þið vitið að það hafa blásið nokkrir hræðilega kaldir kenningavindar um kirkjuna á tímum þessarar kynslóðar og ég er hræddur um að augu hennar hafi með vissum hætti frosið aftur og því sé hún blind fyrir því sem Guð hefur að gefa henni. Hún þarfnast heitrar olíu frá Anda Guðs svo augu hennar opnast. Ef hún tekur ekki við Anda Guðs mun hún halda áfram að setja upp dagskrár fyrir vald og kreddur í stað Orðsins. Hún telur fjölda sem árangur, fremur en að leita eftir ávöxtum. Guðfræði-doktorarnir hafa lokað dyrunum að trúnni og banna öllum að ganga þar inn. Þeir fara hvorki þar inn sjálfir, né leyfa nokkrum öðrum það. Guðfræði þeirra kemur úr kennslubók um sálfræði, sem rituð er af einhverjum vantrúarmanni. Það er til kennslubók um sálfræði, ein sem við öll þörfumst, það er Biblían. Hún er rituð af Guði og inniheldur sálfræði Guðs. Þið þurfið engan doktor til að útskýra hana fyrir ykkur. Takið við Heilögum Anda og látið Hann sjá um útskýringuna. Hann ritaði Bókina og Hann getur sagt ykkur hvað er í henni og hvað það þýðir. I.Kor.2:9-16, “ **En það er eins og ritað er: Það sem auga sá ekki og eyra heyrði ekki, og ekki kom upp í hjarta nokkurs manns, allt það sem Guð fyrirbjó þeim, er elska Hann. En oss hefur Guð opinberað hana fyrir Andann; því að Andinn rannsakar allt, jafnvel djúp Guðs. Því að hver meðal manna veit hvað mannsins er, nema andi mannsins, sem í honum er ? Þannig hefur heldur enginn komist að raun um, hvað Guðs er, nema Guðs Andi. En vér höfum ekki hlotið anda heimsins, heldur Andann sem er frá Guði, til þess að vér skulum vita, hvað oss er af Guði gefið; og það tölum vér líka, ekki með orðum, sem mannlegur vísdomur kennir, heldur sem Andinn kennir, er vér útlistum Andleg efni fyrir Andlegum mönnum. En sálarlegur (náttúrulegur) maður veitir ekki viðtöku því sem Guðs Anda er; því að honum er það heimskt og hann getur ekki skilið það, af því að það dæmist Andlega. En hinn Andlegi dæmir um allt, en um hann sjálfan verður ekki dæmt af neinum; því að hver hefur þekkt huga Drottins, að hann geti frætt hann ?**

En vér höfum huga Krists “.

Nú ef allir hlutirnir sem Andinn hrópar í gegn, eru sannir varðandi þessa öld, þá þurfum við að fá fram á sviðið einhvern eins og Jóhannes Skírara , sem skorar á kirkjuna sem aldrei fyrr. Og það er einmitt það sem koma mun til okkar aldar. Annar Jóhannes Skírari

XXVII.

er á leiðinni og hann mun hrópa út nákvæmlega eins og fyrirrennarinn. Við vitum að hann mun gera þetta vegna þess sem segir í næsta versí .

“ Alla þá sem Ég elska, þá tyfta Ég og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun “.Op.3:19. Þetta er sami boðskapurinn sem Jóhannes flutti þegar hann hrópaði í trúarlegri auðn Farísea, Saddúkea og heiðingja : **“ IÐRIST !** “ Það var engin önnur leið þá, það er engin önnur leið nú. Það lá engin önnur leið til baka til Guðs þá og það er engin önnur leið til Hans nú.

Leiðin er IÐRUN ! Breytið hugarfari ykkar. Snúið við. IÐRIST !

Við skulum rannsaka fyrstu orðin: **“ Alla þá sem Ég elska ”**. Í grískunni er áherslan á persónu-fornafninu **“ Ég ”**. Hann segir ekki það sem mörgum finnst að Hann ætti að segja: **“ Eins margir og elska Mig ”**. Nei, herra minn, Við megum aldrei reyna að gera Jesú að HLUÐ mannlegs kærleika í þessu versí. Nei, það eru hinir MÖRGU sem eru hinir ELSKUÐU Guðs. Það er HANS kærleikur sem er umræðuefnið, EKKI okkar !

Svo enn einu sinni finnum við okkur sjálf í tilbeiðslu og þökk frammi fyrir hjálpræði Hans, tilgangi Hans og áætlun Hans, og við erum jafnvel enn staðfastari í sannleika kenningarinnar um Æðsta vald Guðs. Jafnvel eins og Hann sagði í Róm.9:13, **“ Jakob hef Ég elskað ”**. Á það nú að innifela, að vegna þess að Hann elskaði AÐEINS hina MÖRGU, sé Hann í sjálfsánægju-ástandi, að bíða eftir ást þeirra sem hafa ekki dregist að Honum ?

Því fer fjarri að svo sé, því Hann yfirlýsir líka í Róm.9:13, **“ Esaú hef ég hatað ”**. Og í 11.versí kallar Andinn með krafti: **“ Fyrir börnin sem ekki voru fædd og höfðu hvorki aðhafst gott né illt, skyldi ÚTVALNINGAR-FYRIRÆTLUN GUÐS STANDA STÖÐUG, ekki vegna verka heldur eftir vilja Hans sem kallar ”**. Sá kærleikur sem í því býr er **“ útvalningar-kærleikur**. Það er kærleikur Hans til Sinna útvöldu. Og kærleikur Hans til þeirra er aðskilinn frá MANNLEGUM VERÐLEIKUM því það segir að tilgangur Guðs liggi í vali sem gengur þvert á verk eða eitthvað sem býr í mannum sjálfum. Vegna þess **“ að áður en börnin fæddust ”** hafði Hann þegar sagt : **Jakob hef Ég elskað, en Esaú hef Ég hatað ”**.

Og nú segir Hann til sinna eigin: **“ Alla þá sem Ég elska, þá tyfta Ég og aga ”**. Að tyfta er að áminna. Að áminna er að **“ afhjúpa með tilvísun til leiðréttingar ”**. Að aga þýðir ekki að refsa. Það þýðir **“ að fræða vegna þess að endurbót þegnsins er þar höfð í huga ”**.

Þetta er einmitt það sem við finnum í Hebreabréfinu 12:5-11, **“ Og þér hafið gleymt áminningunni, sem ávarpar yður eins og syni : Sonur minn, lítilsvirð ekki hirting Drottins, og lát ekki heldur hugfallast, er Hann tyftar þig. Því að Drottinn agar þann sem Hann elskar og hirtir harðlega hvern þann son er Hann að sér tekur. Ef þér þolið aga, þá fer Guð með yður eins og syni; því að hver er sá sonur sem Faðirinn ekki agar ? En séuð þér án aga, sem allir hafa fyrir orðið, þá eruð þér þrælbornir, og eruð ekki synir. Enn er það að segja, að vér höfðum líkamlega feður til að aga oss, og bárum virðing fyrir þeim; skyldum vér þá ekki miklu fremur vera undirgefnir Föður andanna og lifa ? Því að þeir öguðu oss reyndar um fáa daga, eftir því sem þeim leist, en oss til gagns agar Hann oss, svo að vér getum fengið heilagleika Hans. Allur agi virðist að vísu í bili ekki vera gleðiefni, heldur sorgar, en eftir á gefur hann friðsælan ávöxt réttlætisins, þeim er við hann hafa tamist”**.

XXVIII.

Hér í þessum versum er settur fram kærleikur Guðs. Hann þráði af kærleika sína eigin fjölskyldu, fjölskyldu sona – sona sem væru líkir Honum. Þarna frammi fyrir Honum lá allt mannkynið eins og EINN leirklumpur. Úr þeim klump vill Hann nú gera ker til heiðurs og til vanheiðurs. VALIÐ verður Hans eigið val. Síðan munu hinir útvöldu, fæddir af Anda Hans, verða reyndir og þjálfaðir til að samræmast ímynd Hans á göngu Sinni. Hann ÁMINNIR alla með langlundargeði, blíðu og miskunn. Hann TYFTAR með naglreknum höndum. Stundum verður þessi Leirkerasmiður að taka ker til að vinna við og brjóta það algerlega niður, til þess að Hann geti endurbyggt það nákvæmlega eins og Honum þóknast. EN ÞAÐ ER KÆRLEIKUR ÞAR AÐ BAKI. ÞAÐ ER KÆRLEIKUR HANS. ÖNNUR LEIÐ ER EKKI TIL FYRIR KÆRLEIKA HANS. OG GETUR EKKI VERIÐ TIL.

Ó, litla hjörð, óttast eigi. Þessi öld mun brátt enda. Þegar hún gerir það munu þessi illgresi verða bundin saman, og eins og þriggja þátta kaðall er ekki auðveldlega slitinn, þá munu þau hafa geysilegan þriggja þátta styrk, stjórnmalalegs, líkamlegs og andlegs (satanísks) valds, og þau munu leitast við að tortíma brúði Kristis. Hún mun líða en hún mun standast. Óttist ekki þessa hluti sem koma yfir jörðina því Hann “ sem hafði elskað Sína, auðsýndi þeim elsku Sína allt til enda”, Jóh.13:1.

“ Verið kostgæfin og iðrist “. Nú, þessi falska kirkja býr yfir vandlætingu; Farið ekki í graf götur með það. Vandlæting hennar er sú sama og Gyðinganna, Jóh. 2:17, “ **Vandlæti vegna húss Þíns mun uppeta Mig** “. En það er röng vandlæting. Það er vegna húss þeirra eigin byggingar. Það er vegna þeirra eigin kredda, kenninga og skipulags, þeirra eigin réttlætis. Þeir hafa sett Orðið út vegna sinna eigin hugmynda. Þeir hafa vikið Heilögum Anda frá og gert menn að leiðtogum. Þeir hafa sett til hliðar hið Eilífa Líf sem Persónu, og gert það að góðum verkum, eða jafnvel að kirkjulegu samræmi frekar en góðum verkum. En Guð er að kalla eftir annarskonar vandlætingu. Það er vandlætingin til að hrópa “ ÉG HEF RANGT FYRIR MÉR “. Nú, en hver ætlar að segja að hann hafi á röngu að standa ? Á hverju eru allir þessir söfnuðir grundvallaðir ? – yfirlýsingu um frumleika og að þeir séu frá Guði – yfirlýsingu um að þeir séu í rétti. Nú, en ekki geta þeir ALLIR haft rétt fyrir sér. Staðreyndin er raunar sú að enginn þeirra hefur á réttu að standa. EKKI NEINN þeirra. Þeir eru kalkaðar grafir, fullar af dauðra manna beinum. Þeir hafa ekkert líf. Þeir hafa enga réttlætingu. Guð hefur aldrei opinberað Sig í neinu mannlegu skipulagi. Þeir segjast hafa rétt fyrir sér vegna þess að þeir eru þeir einu sem eru að segja það, en að halda því fram er ekki það sama og að það sé svo. Þeir þarfnast hins staðfesta “ **Svo segir Drottinn** “ frá Guði og þeir hafa það ekki.

Nú, leyfið mér að segja þetta hér. Ég trúi því ekki að Drottinn sé aðeins að kalla til hinnar fölsku kirkju að iðrast. Í þessu versu er Hann að tala til Sinna útvöldu. Þeir þurfa að gera nokkra iðrun líka. Margt af börnum Hans er enn í þessum fölsku kirkjum. Þau eru þau sem talað er um í Efesusbréfinu 5:14, “ **Vakna þú sem sefur, og rís upp frá dauðum, og þá mun Kristur lýsa þér** “. Að vera sofandi er ekki það sama og að vera dauður. Þessi sofa á meðal hinna dauðu. Þau eru þarna úti í þessum dauðu söfnuðum. Þau fljóta í för með þeim. Guð hrópar út : “ **VAKNIÐ UPP ! Iðrist fávísi ykkar** “. Þarna lána þau áhrif sín, gefa tíma sinn og peninga sína, í raun allt sitt heila líf til þessara samtaka sem eru skipulag andkrists, og allan tímann halda þau að það sé rétt. Þau þurfa að iðrast !

XXIX.

Þau verða að iðrast. Þau þurfa að ganga í gegnum hugarfarsbreytingu og snúa sér að sannleikanum. Já, þetta er öldin sem mest þarf á iðrun að halda. En mun hún iðrast ? Mun hún taka á ný við Orðinu ? Mun hún aftur setja Heilagan Anda í hásætið í lífi manna ? Mun hún aftur tigna Jesú sem hinn EINA Frelsara ? Ég segi að hún muni ekki gera það, því næsta vers opinberar hinn furðulega og sláandi sannleika varðandi lok þessarar aldar.

KRISTUR UTAN KIRKJUNNAR

Opinberunarbókin 3:20-22, “ **Sjá, Ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun Ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með Mér. Sá er sigrar, hann mun Ég láta sitja hjá Mér í hásæti Mínú, eins og Ég sjálfur sigraði og settist hjá Föður Mínú í hásæti Hans. Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað Andinn segir söfnuðunum “.**

Nú, það hefur orðið mikill ruglingur varðandi þessi vers, vegna þess að svo margir persónulegir verkamenn nota þau í persónulegu trúboði þannig að Jesús sé við hjartadyr sérhvers syndara og knýi á og vilji komast inn. Og svo er sagt að ef syndarinn opnaði dyrnar myndi Drottinn koma inn. En þessi vers eru ekki að tala til syndugra einstaklinga. Allur þessi boðskapur felur samanlagður í sér ákveðna heildarmynd eins og hver og ein skilaboð til hvernar og einnar aldar gera. Í vers 22 segir svo : “ **Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað Andinn segir söfnuðunum “.** Við sjáum á þessu að hér er um að ræða skilaboð til kirkju hinnar síðustu aldar. *Þetta er ástand Laodíkeu-kirkjunnar eins og það blasir við þegar endalok hennar eru í nánd. Þetta eru ekki persónuleg skilaboð til einnar persónu;* Það er Andinn sem segir okkur hvar Jesús er. KRISTUR HEFUR YFIRGEFIÐ KIRKJUNA. Er þetta ekki hin rökrétta niðurstaða eða endir, ef Orðið er sett til hliðar fyrir kreddur, Heilagur Andi látinn víkja fyrir páfum, biskupum, forsetum, ráðgjöfum o.s.frv. og Frelsarinn settur til hliðar vegna starfsdagskrár, eða kirkjulegs samruna eða einhvern tegundar samræmingar við kirkjulegt kerfishald ?

Hvað meira er hægt að gera á móti Honum ? Þetta er afneitunin ! Þetta er fráfallið ! Þetta eru hinar opnu dyr til andkrists, því ef EINN kom í Nafni Föður Síns (Jesús) og var ekki meðtekinn, en hafnað, þá mun annar koma í sínu eigin nafni (lygari, falskur kröfuhafi) og við honum munu þeir taka, Jóh. 5:43. Maður syndarinnar, glötunaronurinn, nær völdum. Matteus 24 minnst á tákn á himnum varðandi þessa síðustu daga, rétt áður en Jesús kemur. Mér þætti gaman að vita hvort þið hefðuð tekið eftir að slíkt tákn hafi verið uppfyllt nýlega, eins og til að mála upp sannleikann sem við höfum verið að fjalla um.

Sá sannleikur er, að Jesús hefur stöðugt verið ýtt til hliðar, þangað til að á síðustu öldinni, að Honum hefur verið ýtt út úr kirkjunni ! Munið að á fyrstu öldinni var nánast fyrir hendi kirkja sem átti fylltan hring sannleika. En samt var þá fyrir hendi dálítil villa sem kölluð var verk Nikolaítanna og hún kom í veg fyrir að hringurinn yrði algjör. Síðan á næstu öld komst meira myrkur inn, þar til ljóshnötturinn lýsti minna og myrkrið haldi meira af hringnum. Á þriðju öldinni var hann skyggður enn meira og á þeirri fjórðu sem

XXX.

voru hinar Dimmu Aldir, var ljósið nánast horfið. Nú, hugsíð um þetta ! Kirkjan skín fyrir endurkast ljóss Krists. Hann er SÓLIN. Kirkjan er TUNGLIÐ. Þannig er þessi ljóshnöttur tunglið. Hann hefur minnkað frá næstum fullu tungli á fyrstu öldinni, í ofurlitla sneið á þeirri fjórðu. En á fimmtu öldinni byrjaði hann að vaxa. Á þeirri sjöttu tók hann stórt vaxtarskeið fram á við. Á hluta hinnar sjöundu aldar var hann enn í vexti, þegar skyndilega urðu snögg umskipti og hann fjaraði nánast út í ekkert, svo að í stað ljóss var hann myrkvaður af afneitun, og við lok aldarinnar hefur hann hætt að skína, því myrkrið hefur tekið völdin. Kristur var nú utan kirkjunnar !

Hér er táknið á himninum. Síðasti tunglmyrkvinn var algjör myrkvi. Hann fór út í algjört myrkur í sjö stigum. Á sjöunda stiginu kom algjört myrkur, einmitt þegar páfinn í Róm (Páll VI) fór til Palestínu, til að fara í heilaga heimsókn til Jerúsalem. Hann var fyrsti páfinn sem nokkru sinni hefur farið til Jerúsalem. Páfinn er nefndur Páll VI. Páll var fyrsti sendiboðinn og þessi maður gengur undir sama nafni. Takið eftir að hann er sá sjötti, og það er tala manns. Það er meira en tilviljun. Og þegar hann fór til Jerúsalem fór tunglið, eða kirkjan, í algjört myrkur. Þetta er það. Þetta er endirinn. Þessi kynslóð mun ekki líða undir lok fyrr en þetta allt er uppfyllt. Drottinn Jesús, kom Þú skjótt !

Nú getum við séð hversvegna það voru tveir vínviðir, annar sannur og hinn falskur.

Nú getum við séð hversvegna Abraham átti tvo syni, annan eftir holdinu (sem ofsótti Ísak) og hinn eftir fyrirheiti. Nú getum við séð hvernig út komu af sömu foreldrum tveir drengir sem tvíburar, einn sem þekkti og elskaði það sem heyrði Guði til og annar vitandi um mikinn hlut þess sannleika, en ekki af sama Anda og því ofsótti hann það barn sem útvalið var. Guð útskúfar ekki vegna útskúfunarinnar. Hann útskúfar vegna hinna útvöldu. ÚTVALDIR GETA EKKI ofsótt útvalda. ÚTVALDIR GETA EKKI skaðað útvalda. Það eru þeir óguðlegu sem ofsækja og tortíma hinum útvöldu. Ó, þessir óguðlegu eru trúræknir. Þeir eru snjallir. Þeir eru af ætt Kains, sæði höggormsins. Þeir byggja sína Babelsturna, þeir byggja sínar borgir, sín heimsveldi og allan tímann eru þeir að ákalla Guð. Þeir hata hið sanna sæði og þeir munu gera allt sem þeir geta (jafnvel í Nafni Drottins) til að tortíma hinum útvöldu Guðs. En það er þörf fyrir þá ! “Hvað er hismið fyrir hveitið ? “ Ekkert hismi, ekkert hveiti ! En við endalokin, hvað verður þá um hismið ? Það verður brennt í óslökkvandi eldi. Og hveitið ? Hvar verður það ? Því mun safnað saman í forðabúr Hans. Það verður þar sem Hann er.

Ó, útvaldir Guðs ! Verið á verði ! Rannsakið allt vel ! Verið varkárir ! Vinnið út hjálpræði ykkar í gegnum ótta og áreynslu. Treystið á Guð og verið sterkir í mætti Hans. Andstæðingur ykkar, djöfullinn, er jafnvel nú þegar æðandi um sem öskrandi ljón eftir þeim sem hann getur tortímt. Vakið í bæn og verið fastir fyrir. Þetta er endatímminn. Bæði hinn ekta vínviður og hinn falski eru nú fullþroska, en áðu en hveitið þroskast, verður hið þroskaða illgresi að bindast fyrir brennsluna. Sjáið, það er allt að sameinast Heimskirkjuráðinu. Það er bindingin. Brátt verður farið að safna hveitinu í hús. En einmitt á þessari stund eru hinir tveir andar að starfi í vínviðunum tveim. Skiljið ykkur frá illgresinu. Hefjist handa til sigurs, svo að þið getið talist lofsverð frammi fyrir Drottni ykkar og hæf til að ríkja og stjórna með Honum.

HÁSÆTI SIGURVEGARANNA

Op.3:21, “ Sá er sigrar, hann mun Ég láta sitja hjá Mér í háseti Mínu, eins og Ég sjálfur sigraði og settist hjá Föður Mínum í háseti Hans “.

Nú, hvað eigum við að sigra ? Það er hin eðlilega spurning sem spyrja má hér. En það er ekki hin eiginlega hugsun þessa vers, því hún er ekki svo mikið um HVAÐ við þurfum að sigra, heldur HVERNIG við förum að því að sigra. Nú, þetta er rökrétt, því skiptir það miklu HVAÐ við þurfum að sigra svo lengi sem við vitum HVERNIG við getum sigrað ? Snögg yfirlit þeirra Ritningarstaða sem fjalla um sigur Drottins Jesú, mun draga í ljós sannleika þeirrar staðhæfingar. Í Matteusi, 4.kafli, þar sem Jesú er freistað af djöflinum, sigrar Hann persónulegar freistingar Satans með Orðinu og með Orðinu einu.

Í hverju hinna þriggja reynsluprófa sem samhljóma nákvæmlega freistingunni í Edensgarðinum, girnd holdsins, girnd augans og drambsemi lífsins, sigraði Jesús með Orðinu. Eva féll fyrir persónulegri freistingu frá Satan með því að bregðast í því að nota Orðið. Adam féll í beina óhlýðni við Orðið. En Jesús sigraði með Orðinu.

Og einmitt núna, vil ég segja ykkur að þetta er eina leiðin til að verða sigurvegari, og líka eina leiðin þar sem þið getið vitað að þið eruð á sigurbraut vegna þess að þetta Orð GETUR EKKI brugðist. Takið aftur eftir því hvernig Jesús yfirvann trúarbragðakerfi heimsins. Þegar Hann var sífellt áreittr af guðfræðingum Síns tíma, vitnaði Hann stöðugt í Orðið. Hann talaði aðeins það sem Faðirinn gaf Honum að segja. Í hvert skipti sem Hann talaði varð heimurinn algjörlega ráðvilltur vegna speki Hans, því þar var um speki Guðs að ræða. Í Sínu eigin einkalífi, í baráttu við sjálfan Sig, sigraði Hann með hlýðni við Orð Guðs. Í Hebreabréfinu 5:7 segir : **“ Hann sem á dögum holdsvistar Sinnar bar fram með sárum kveinstöfum og táraföllum bænir og auðmjúk andvörp fyrir Þann, sem megnaði að frelsa Hann frá dauða, og fékk bænheyrslu vegna guðhræðslu Sinnar. Og þótt Hann Sonur væri, lærði Hann hlýðni af því sem Hann leið. Og er Hann var orðinn fullkominn gjörðist Hann öllum þeim er Honum hlýða, höfundur eilífs hjálpræðis. “** Hverju var Hann hlýðinn ? Orði Guðs !

Nú, það mun ekki nokkur persóna sitja í háseti Jesú Krists nema hún hafi lifað þessu Orði. Bænir ykkar, föstur ykkar, iðranir ykkar, hvað svo sem þið hafið gefið Guði – ekkert af því mun veita ykkur þau forréttindi að sitja í því háseti. Það verður aðeins veitt til Brúðar Orðsins. Eins og konungur deilir háseti sínu með drottningunni, vegna þess að hún er sameinuð honum, svo munu aðeins þeir sem Orðinu heyra til eins og Hann er af því Orði, eiga hlutdeild í því háseti. Munið að við höfum sýnt skýrt í gegnum allar aldirnar, að alveg eins og Adam og Eva féllu vegna þess að þau yfirgáfu Orðið, eins féll Efesusöldin vegna þess að hún vék aðeins frá Orðinu, þar til með hverri öld og auknu fráfalli, að við stöndum frammi fyrir endanlegri höfnun Orðsins af hálfu Heimskirkjukerfisins. Þessi Laodíkeu-öld endar með útpurrkun Orðsins, sem hefur í för með sér burtför Drottins úr miðpunktinum. Hann stendur fyrir utan og kallar á Sína eigin sem fylgja Honum í hlýðni við Orðið. Eftir skammvinna en kröftuga staðfestingu Andans mun þessi smái, elti og ofsótti hópur fara til þess að vera með Jesú.

LOKANIDURSTAÐA HEIÐNU ALDANNA

Þessi öld er sú síðasta af kirkjuöldunum sjö. Það sem hófst á þeirri fyrstu, eða Efesusöldinni, verður að og mun þróast til fulls þroska og uppskeru á þeirri síðustu eða Laodíkeu-öldinni. Vínviðirnir munu gefa af sér sinn loka-ávöxt. Andarnir tveir munu að lokum sýna ljóslega til hvaða endastöðva áhrif þeirra vísa. Sáningin, vökvunin, vaxtartíminn, allt er það að baki. Sumarið er á enda runnið. Sigðinni er nú brugðið í uppskeruna. Í versunum fimmtán til átján sem við höfum einmitt farið í núna, liggur hin sanna mynd af þroskuðum, fölskum vínvið, fölskum anda, fölsku kirkjufólki. **“Ég þekki verkin þín, að þú ert hvorki kaldur né heitur; betur að þú værir kaldur eða heitur. Því er það: af því að þú ert hálfvolgur, og ert hvorki heitur né kaldur, mun Ég skyrpa þér út af munni Mínun, - af því að þú segir: Ég er ríkur og er orðinn auðugur og þarfnast einskis, - og þú veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. Ég ræð þér, að þú kaupir af Mér gull, reynt í eldinum, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði, til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi “.** Engin orð hafa nokkru sinni túlkað fram meiri og beiskari fordæmingu, og ekkert drambsamt og hrokafullt, trúrækið fólk hefur nokkru sinni átt hana frekar skilið. Samt í versí tuttugu og eitt, **“Sá er sigrar, hann mun Ég láta sitja hjá Mér í háseti Mínun, eins og Ég sjálfur sigraði og settist hjá Föður Mínun í háseti Hans “,** finnum við hinn sanna vínvið, hinn sanna Anda, fólk hinnar sönnu KIRKJU, upphafið til sjálfs hásetis Guðs með mesta lofstír sem nokkurntíma hefur hlotnast auðmjúkum, staðföstum, andlegum hópi. Orð Jóhannesar Skírara sem svo nákvæmlega settu Krist fram í sambandi við hina sönnu og fölsku kirkju, munu nú rætast. Matt.3:11-12, **“Ég skíri yður með vatni til iðrunar, en Sá er mér máttkari sem kemur á eftir mér, og er ég ekki verður að bera skó Hans; Hann mun skíra yður með Heilögum Anda og eldi; Hann stendur með varpskófluna í hendi Sinni og Hann mun gjörhreinsa láfa Sinn og safna hveiti Sínu í hlöðuna, en hismið mun Hann brenna í óslökkvandi eldi “.** Kristur, hinn Mikli Uppskerumaður, mun nú taka til Síns ávexti jarðarinnar. Hann safnar hveitinu í forðabúrið með því að koma eftir Sínum eigin og taka á móti þeim að eilífu til Síns. Síðan kemur Hann til að tortíma þeim óguðlegu með óslökkvandi eldi.

Leynardómur illgresisins og hveitisins í Matteusi 13:24-30 er nú líka uppfylltur, **“Aðra dæmisögu framsetti Hann fyrir þá og mælti: Líkt er himnaríki manni er sáði góðu sæði í akur sinn; en meðan fólkið svaf, kom óvinur hans og sáði líka illgresi meðal hveitisins, og fór síðan á burt. En er grasið spratt og bar ávöxt, þá kom og illgresið í ljós. Þá komu þjónar húsbóndans og sögðu við hann : Herra, sáðir þú ekki góðu sæði í akur þinn ? Hvaðan kemur honum þá illgresi ? En hann mælti við þá : Þetta hefur óvinveittur maður gjört. En þjónarnir segja við hann: Viltu þá að vér förum og tínum það ? En hann segir: Nei, svo að þér eigi, er þér tínið illgresið, reytið hveitið upp ásamt því. Látið hvorttveggja vaxa saman til kornskurðarins; og er**

kornskurðartíminn kemur, mun ég segja við kornskurðarmennina: Tínið fyrst illgresið og bindið það í bundin, til þess að brenna það, en safnið hveitinu í kornhlöðu mína “.

Hveitið og illgresið, sem allt frá fyrstu öldinni þangað til nú, hefur vaxið hlið við hlið, er nú uppskorið. Það sem Níkea ætlaði sér að vinna, mun nú að lokum komast í framkvæmd. Með öllum mætti skipulagsins mun hin falska kirkja snúa sér frá öllum ummerkjum sannleika og með stjórnmálalegu afli styrkja sig með ríkisbakhjarli í því verki að uppræta að eilífu hinn sanntrúaða mann. En einmitt þegar hún er að fara í gang með sitt ragmennskulega samsæri, mun hveitinu verða safnað inn í geymsluhúsið.

Aldrei frammar mun hveitið og illgresið vaxa hlið við hlið. Aldrei frammar mun illgresið njóta blessunar Guðs vegna nálægðar hveitisins, því hveitið verður horfið og reiði Guðs mun verða úthellt í sjötta innsiglinu sem mun enda með fullkominni tortímingu hinna óguðlegu. Nú, ég sagði fyrir smástund, að falski vínviðurinn kæmist í fullan þroska á þessari öld. Ávöxtur hans myndi þá verða fullþroskaður og algjör. Það er rétt. Þessi kirkja ills anda, full af misgjörðum, mun verða opinberuð eins og mustarðssæðið sem óx inn í tré þar sem það olli óhreinleika loftins. Í forustu hennar verður andkristur, leyndardómur misgjörðanna. Allt er þetta satt. Og ef þetta er satt, þá hlýtur það líka að vera satt, að Brúðarkirkjan mun þroskast og fullþroski hennar mun verða sameining hennar með Drottni Sínum, fyrir tilverknað Orðsins og Höfuð hennar Sem mun koma til hennar er Leyndardómur Guðlegleikans. Sem svo sannarlega er Kristur.

Og þar sem falska kirkjan, með allri lævísi sinni og djöfullegu valdi, byggðu upp á stjórnmálalegu afli, líkamlegri orku og með djöflaanda myrkursins á bak við sig, kemur í móti þessum vínvið, mun hið sanna vín með fyllingu Andans og Orðsins framkvæma hin miklu verk valdsins sem Jesús gerði. Síðan um leið og hin sanna kirkja nálgast Hyrningarstein sinn, með því að verða eins og Hann í gegnum Orðið, mun Jesús koma, svo að brúður og Brúðgumi geti að eilífu verið sameinuð sem eitt.

Nú þegar eru sýnilegar staðfestingar á því sem ég hef verið að segja ykkur augljósar allt í kring. Samkirkjuhreyfing illgresisins er staðreynd. En það er líka staðreynd að spámaðurinn fyrir síðustu öldina hlýtur að vera að bera fram boðskap frá Guði, sem mun koma á undan endurkomu Drottins, því með boðskap hans mun hjörtum barnanna snúið aftur til Hvítasunnufedranna, og með endurreisn Orðsins mun koma endurreisn kraftarins. Hvílíkir úrslitatímar eru það sem við lifum á. Hversu varkár þurfum við að vera svo við séum trú þessu Orði og tökum ekki af því eða bætum við það, því Hann sem mundi tala þar sem Guð hefur ekki talað, verður lygari við það.

Það sem ég hef sérstaklega í huga er þetta : Um aldamótin leiddi hungrið eftir Guði, sem fætt var fram á Fíladelfíu-öldinni, til þess að menn hrópuðu eftir Anda Guðs. Og þegar því ákalli var svarað af Guði, með því að Hann sendi fram skýr tákni í tungum, túlkun og spádómum, tók hópur manna upp á því þegar í stað, alveg þvert á Orðið, að setja fram þá kenningu, að tungurnar væru sönnun þess að menn væru skírðir í Heilögum Anda.

En tungurnar voru langt frá því að vera sönnun. Þær voru sýnilegar yfirlýsingar en ekki sönnun. Hið falska við kenninguna getur ekki aðeins sést á Ritningarlegri vöntun á staðfestingu hennar, heldur skipulögðu þeir sig þegar í stað sem tóku við kenningunni, á grundvelli þess sem hún mælti fyrir um, og sönnuðu með því að þeir voru ekki í sannleikanum eins og þeir vildu að fólk tryði. Ó, það leit vel út. Það leit út eins og

XXXIV.

endurkoma Hvítasunnunnar. En það sannaðist að svo var ekki. Það gat ekki verið, því þetta var skipulagt. Það er dauði, ekki líf. Það virtist svo líkt því raunverulega, að fjöldi manna var afvegaleiddur. Nú, ef þetta var ekki ekta, hvað var það þá ?

Það var hismið, hálmurinn. Í grænu, mjúku, slíðurforminu leit það út eins og það væri hinn raunverulegi hlutur. En eins og maður getur farið inn á akurinn og séð hvað lítur alveg eins út og hveiti, en er samt bara hismi (því hveitisæðið er ekki enn formað), eins var þetta ekkert nema mjúk skelin sem virtist eins og hið raunverulega korn ætti eftir að koma í. Hið upprunalega hveitisæði Hvítasunnunnar átti að koma til baka á síðustu öldinni. Það hafði verið grafið í Níkeu. Það rann upp á ný í Sardis. Það óx með skrautskúfum í Fíladelfíu og það átti að fullþroskast í Laodíkeu. En það gat ekki farið aftur í frumgerðina fyrir en Orðið var endurreist. Spámaðurinn hafði ekki enn komið fram á sjónarsviðið. En nú í samræmi við tímann þar sem við stöndum , á Laodíkeu öldinni, hlýtur hinn “ spámannlegi sendiboði “ Opínberunarbókarinnar 10:7 þegar að vera í landinu. Ennþá einu sinni verður “ **SVO SEGIR DROTTINN** “ að vera hér, tilbúið til að koma fram með óskeikulli staðfestingu. Þannig er hið Sanna Sæði þegar að fullþroskast og **SÍÐAN ER UPPSKERAN**. Uppskerutími. Já, uppskerutími ! Vínviðirnir tveir sem uxu saman og fléttuðu greinar sínar, eiga nú að skiljast að. Ávöxtum þessara vínviða, sem voru svo gjörólíkir, mun safnað saman í aðskilin geymsluhús. Andarnir tveir munu fara til sinna aðgreindu ákvörðunarstaða. Nú er tími til að hlýða lokakallinu sem kemur aðeins til Hveiti-Brúðarinnar.” **Gangið út, Mitt fólk, út úr henni, svo að þér eigið engan hlut í syndum hennar og svo að þér (hveitið) hreppið ekki (illgresis) plágur hennar (hina miklu þrengingu sjötta innsiglians og Matteusar 24)**

SÍÐASTA VIÐVÖRUN ANDANS

Opínberunarbókin 3:22, “ **Hver sem eyra hefur, hann heyri, hvað Andinn segir söfnuðunum** “. Þetta er SÍÐASTA viðvörunin ! Það verður ekki önnur. Hásætisherbergið er til reiðu. Hinar tólf undirstöður hafa verið lagðar. Gullstrætín hafa verið fullgerð.

Hin risastóru perluhlið hafa verið reist og sett á lamir. Eins og pýramídi stendur hún, svo fögur og dýrðleg. Hinar himnesku verur sem hafa undirbúið hana, fylgjast í ofvæni með, því hún ljómar og skín í fegurð sem er ójarðnesk. Sérhver mynd fegurðar hennar segir sögu um undranáð og kærleika Krists. Hún er borg, undirbúin fyrir undirbúið fólk.

Hún bíður aðeins eftir íbúum sínum, og brátt munu þeir fylla stræti hennar með fögnuði.

Já, þetta er síðasta kallið ! Andinn mun ekki tala á annarri öld. Aldirnar eru liðnar !

En þakkið Guði á þessu augnabliki, að þessi öld er ekki liðin. Hann er enn að kalla ! Og hróp Hans er ekki aðeins í andlegum eyrum manna fyrir Anda Hans, heldur er enn einu sinni spámaður í landinu. Enn einu sinni mun Guð opinbera sannleikann eins og Hann opinberaði Páli hann. Á dögum sjöunda sendiboðans, á dögum Laodíkeu-aldarinnar, mun sendiboðinn til hennar opinbera leyndardóma Guðs eins og þeir voru opinberaðir Páli.

Hann mun tala út, og þeir sem taka við þeim spámanni, í hans eigin nafni, munu hljóta hin blessunarríku áhrif frá þjónustu þess spámans. Og þeir sem heyra hann, munu verða

XXXV.

blessaðir og fá hlutdeild í brúði hins síðasta dags, sem er nefnd í Opinberunarbókinni 22:17, “ **Og Andinn og brúðurin segja: Kom Þú** “. Hveitikornið (brúðarhveitið) sem féll á jörðina í Níkeu, hefur komið aftur til baka sem upprunalegt Orðsins Korn að nýju . Lofið Guð að eilífu. Já, hlustið á staðfestan spámann Guðs sem birtist á þessari síðustu öld. Það sem hann segir frá Guði mun brúðurin segja. Andinn og spámaðurinn og brúðurin munu segja það sama. Og það sem þau segja, mun þegar hafa verið sagt í Orðinu. Þau eru að segja það núna: “ **Komið út úr henni núna og skiljið ykkur frá henni** “. Kallið hefur gengið út. Kallið er að ganga út. Hversu lengi mun raustin hljóma ? Við vitum það ekki, en eitt vitum við, að það verður ekki lengi, því þetta er síðasta öldin. Sá sem eyra hefur, látið hann heyra hvað Andinn mælti til safnaðanna. Andinn hefur talað. Sólin fer að setjast og hverfa inn í eilífdina hvað kirkjvaldirnar varðar. Þá verður allt á enda runnið. Þá verður of seint að koma fram. En ef Guð hefur snert við ykkur einhversstaðar í þessu prédikunarefni, með Sínum Heilaga Anda, megið þið þá jafnvel nú snúa ykkur til Hans í iðrun og gefa Honum líf ykkar , svo að Hann fyrir Anda Sinn megi gefa ykkur EILÍFT LÍF.

WILLIAM MARRION BRANHAM.

Eftirmálsorð þýðanda:

Nokkuð erfitt var að finna leið til að koma frumhugsun prédikarans til skila, þar sem til dæmis er nokkur munur á íslenskri og enskri þýðingu Ritningarinnar. Enski textinn er eðlilega nákvæmari til að skila túlkun Branham og því hef ég valið þá leið að þýða beint eftir honum þegar frumhugsunin virðist fjarlægari við íslenskan Biblíutexta. Með þessu lagi ætti að vera auðveldara fyrir lesendur að grípa með skilningi það sem í prédikun þessari felst, en efni hennar á vissulega erindi til allra kristinna manna. Berum allt sem við kynnum okkur saman við Ritninguna, því hún segir okkur sannleikann í öllum tilfellum. Biðjum um leiðsögn Heilags Anda. Skoðum með hugarfari hlýðnu Orðinu það sem prédikað er í hverju tilfelli og höldum því sem gott er og Andinn mælir með.

Rúnar Kristjánsson.